



Ársskýrslur aðildarfélaga

Krabbameinsfélags Íslands
fyrir aðalfund 13.5.2023

Í Krabbameinsfélagi Íslands er 21 svæðafélag og 5 stuðningshópar. Félögin gegna öll mikilvægu hlutverki í stuðningi við fólk með krabbamein, fræðslu og forvarnir.

Efnisyfirlit:

Fjöldi félagsmanna í aðildarfélögunum.....	2
Krabbameinsfélag A-Húnavatnssýslu.....	3
Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis	5
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis	6
Krabbameinsfélag Árnessýslu.....	17
Krabbameinsfélag Austurlands	21
Krabbameinsfélag Austfjarða	22
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	26
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	28
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	29
Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins.....	30
Krabbameinsfélag Norðausturlands	40
Krabbameinsfélag Rangarvallasýslu.....	41
Krabbameinsfélagið Sigurvon.....	42
Krabbameinsfélag Skagafjarðar.....	44
Krabbameinsfélag Snæfellsness	46
Krabbameinsfélag Suðausturlands.....	47
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga.....	48
Krabbameinsfélag Suðurnesja	49
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu	50
Krabbavörn Vestmannaeyjum.....	51
Brjóstaheill – Samhjálp Kvenna	54
Framför – félag BHKK greindra	56
Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein	62
Ný rödd.....	65
Stómasamtök Íslands	67



Fjöldi félagsmanna í aðildarfélögum

Félag	Fjöldi félagsmanna	Fjöldi fulltrúa
Krabbameinsfélag A-Húnavatnssýslu	190	1
Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis	-	1
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis	1582	6
Krabbameinsfélag Árnassýslu	450	3
Krabbameinsfélag Austurlands	-	1
Krabbameinsfélag Austfjarða	568	3
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	240	2
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	36	1
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	-	1
Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins	1335	6
Krabbameinsfélag Norðausturlands	-	1
Krabbameinsfélag Rangarvallasýslu	-	1
Krabbameinsfélagið Sigurvon	370	2
Krabbameinsfélag Skagafjarðar	500	3
Krabbameinsfélag Snæfellsnes	285	2
Krabbameinsfélag Suðausturlands	-	1
Krabbameinsfélag Suður Þingeyinga	-	1
Krabbameinsfélag Suðurnesja	-	1
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu	48	1
Krabbavörn Vestmannaeyjum	550	3
Brjóstaheill – Samhjálp kvenna	100	1
Framför	25	1
Kraftur	880	4
Ný rödd	22	1
Stómasamtök Íslands	300	2
Samtals	7481	52

Krabbameinsfélag A-Húnavatnssýslu.

Stofnað: Á Blönduósi 2.nóvember 1968.

Fjöldi félagsmanna: 190

Stjórn

Formaður:	Sveinfríður Sigurpálsdóttir
Ritari:	Kristín Rós Sigurðardóttir
Gjaldkeri:	Péturína L. Jakobsdóttir
Meðstjórnandi:	Margrét Einarsdóttir
Meðstjórnandi:	Viktoría Erlendsdóttir

Formaður sat á árinu tvo rafræna mjög fróðlega formannafundi samkvæmt reglum KÍ. Þar miðluðu formenn fréttum hver af sínu félagi og er margt mjög athyglisvert sem þar fer fram. Aðalfundur 2022 var haldin 18. maí á veitingastaðnum Teni Blönduósi. Fjárhagur félagsins sýndi að vera all góður en félagsgjaldið er ekki hátt og óbreytt lengi. Stjórnin var sammála um að breyta þyrfti starfsreglum um veitingu styrkja gerðar á árinu 2017 og dreift var því tillögu að nýjum drögum um að aðstandendur borgi fæðispeninga þegar viðkomandi þeirra er í meðferð og tillagan var samþykkt en annað óbreytt í reglunum. Lögð voru drög að fræðsludegi um afleiðingu þess að greinast með krabbamein eða tengd málefni þess á næsta ári þar sem svolitlu hefur fækkað. Almannaheillaskrá: Málefni sem stjórnin er að íhuga því að ný skattalög eru komin fram þar sem veittur er skatta afsláttur til einstaklinga og fyrirtækja sem styrkja þau félög skráð í almannaheillaskrá en það er skrá yfir þau félög sem velja að bjóða stuðningsaðilum sínum upp á möguleikann að fá skatta afslátt eins og kemur fram í þessum nýju lögum. Á aðalfundinum mættu yfirmenn frá HSN Blönduósi þær Helga M. Jóhannesdóttir og Ásdís Arinbjarnardóttir og tóku þær við gjafabréfi stjórnar sem er nýr kvennaskoðunarstóll og staðsettur er á 2. hæð stofnunar.

HSN Blönduósi og kirkjur í nágrenninu voru lýstar upp í bleika mánuðinum og tilgangurinn er að minna á átak Krabbameinsfélags Íslands. Félagið okkar lagði til filmur til þeirra sem oft áður.

Minningarkortin okkar eru til sölu og upphæð ræður hver fyrir sig og drjúgt er hvað kemur inn. (Sjá stjórnina, Lyfju og krabb.is vefurinn sem eru með þau til sölu.), Styrkjum vegna meðferðar hefur fjölgað með beiðnum til félagsins sem og var einnig þetta árið. Þar getur

Krabbameinsfélag A-Hún. beitt sér mjög vel í þágu félagsmanna en þessi aðstoð okkar við fjölskyldur og einstaklinga þarf að kynna betur svo vel eigi að vera.

Sem og teljum við slíkt til nokkurra framfara í heilbrigðisþjónustu í héraðinu t.d. með fræðslu, tækjum eða öðru til heilbrigðismála. ***Nauðsynlegt er sem áður að afla nýrra félagsmanna og er félagið öllum opið.*** Áfram mun starfsemi okkar dafna með hjálp félagsmanna og stjórnar.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir, formaður.

Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis

Stofnað: 9. febrúar 1969

Fjöldi félagsmanna:

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis

Stofnað 21. nóvember 1952

Fjöldi félagsmanna 1582

Stjórn

Formaður:	Selma Sigurjónsdóttir
Varaformaður:	Arna Jakobsdóttir
Gjalderi:	Hólmar Erlu Svansson
Ritari:	Þórunn Sif Héðinsdóttir
Meðstjórnandi:	Guðmundur Karl Jónsson
Meðstjórnandi:	Marón Björnsson
Meðstjórnandi:	Pétur Þór Jónasson

Starfsfólk

Snædís Birna Jósepsdóttir	Skrifstofustjóri til júní
Marta Kristín Rósudóttir	Verkefnastjóri frá apríl
Jenný Valdimarsdóttir	Ráðgjafi og verkefnastjóri
Eva Björg Óskarsdóttir	Fæðingarorlof til desember

Þakkir fyrir vel unnin störf fyrir félagið fær Snædís Birna Jósepsdóttir

Sjálfbóðaliðar

Félagið er með nokkra sjálfbóðaliða sem meðal annars halda utan um hópastarf á vegum félagssins. Við erum stolt af þessum flotta hóp og hlökkum til áframhaldandi samstarfs með þeim. Við þökkum þeim öllum sérstaklega fyrir dýrmæta vinnu fyrir hönd félagsins.

Þjónusta og starfsemi

Skrifstofa félagsins er að Glerárgötu 34 þar sem félagið deilir húsnæði með Heilsu og sálfræðiþjónustunni. Opnunartími skrifstofu er mánudaga - fimmtudaga frá kl.10:00-14:00 en það er hægt að mæta í viðtöl milli kl.09:00 - 16:00. Hjá félaginu starfa þrír starfsmenn, tveir starfsmenn á skrifstofu og ráðgjafi á vegum Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands.

Skráð samskipti

Skráð samskipti við félagið voru 1547 á árinu og telur það til heimsóknarfjölda, símtala og rafræn samskipti við félagið. Inn í þeim tölum er ekki 70 ára afmæli félagssins þar sem 100 manns mættu né Kótiletukvöldið þar sem 150 manns mættu.



Samskipti og aðsókn eftir kyni og aldri

	Kona	Karl	Barn
Janúar	59	19	1
Febrúar	80	18	0
Mars	106	43	0
Apríl	67	15	0
Maí	119	23	0
Júní	76	19	1
Júlí	0	0	0
Ágúst	20	12	0
September	51	17	0
Október	145	12	0
Nóvember	139	47	0
Desember	111	30	0
Samtals	973	255	2

Fjöldi viðtala á árinu

	Fjöldi
Ráðgjafarþjónustan	256
Eirberg	99
Samtals	355

Samskiptaleiðir við félagið

	Sími	Koma	Rafrænt
Janúar	30	43	1
Febrúar	52	53	0
Mars	85	151	0
Apríl	34	33	0
Maí	59	41	0
Júní	33	55	2
Júlí	0	0	0
Ágúst	30	17	1
September	38	34	0
Október	84	45	4
Nóvember	94	115	43
Desember	38	79	7
Samtals	557	666	58



Eirbergþjónusta

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hefur verið í samstarfi við Eirberg seinustu ár til þess að hægt sé að bjóða upp á þessa þjónustu á Norðurlandi. Konur sem hafa farið í brjóstnám eða fleigskurð geta pantað tíma í Eirbergspjónustuna. Hjúkrunarfræðingur tekur á móti konunum, veitir ráðgjöf og mælir fyrir gervibrjóstum og ermum til að meðhöndla sogæðabjúg. Aðstaðan er til fyrirmyndar með hjólastólaaðgengi, rúmgóðu viðtalsherbergi og mátunarklefa. Komur í Eirbergspjónustuna á árinu voru 99.

Hópastarf

Hópastarf á vegum félagsins var í miklum blóma árið 2022 og voru reglulega nýliðar að bætast í hópana.

Skapandi handverk og spjall

Hópur frábærra kvenna hittast alltaf á fimmtudögum en hópurinn er fyrir konur sem greinst hafa með krabbamein. Umsjón með hópnum hafa sjálfboðaliðarnir Valgerður Bragadóttir og Guðrún Þorkelsdóttir. Fyrir áramót var hópurinn að hittast á skrifstofu félagsins og einnig á veitingarstaðnum í Hofi. Hópurinn var orðinn það stór að hann komst varla fyrir í hópaherberginu á skrifstofu félagsins og því var ákveðið að færa hópinn alveg í Hof eftir áramót. Hópurinn tekur alltaf mjög vel á móti nýliðum og þá er hægt að fá góð ráð og jafningjastuðning. Að jafnaði voru um 10- 17 konur að hittast og fá sér kaffi og spjalla. Hópurinn tók sig saman og heklaði bleikar tuskur sem voru seldar í bleikum október og rann ágóðinn til félagsins.

Kátir Karlar

Á laugardögum er opið hús á skrifstofu félagsins fyrir karla sem greins hafa með krabbamein. Umsjón með hópnum hafa sjálfboðaliðarnir Brynjólfur Ingvarsson og Eyþór Jónsson. Haustið 2022 varð mikil aukning í mætingu og margir nýliðar fóru að láta sjá sig. Hópurinn hefur því verið allt frá 10 körlum upp í 15 á góðum degi.

Leshópur

Einu sinni í mánuði hittist leshópur á skrifstofu félagsins. Umsjón með hópnum hefur Margrét Baldursdóttir sjálfboðaliði.

Göngum saman

Vikulegar göngur á þriðjudögum þar sem markmið hópsins er félagsskapur og hreyfing. Sjálfboðaliði sér um hópinn, Þorgerður Sigurðardóttir.

Námskeið og fræðsla

Á árinu 2022 voru haldin mörg áhugaverð námskeið fyrir einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Einnig voru haldnir stakir fræðslufyrirlestrar.

Vorönn

- Yoga nidra námskeið í boði alla önnina.
- Karlaþjóga í mars í tilefni Mottumars í samstarfi við Sjálfsrækt.
- Minnisnámskeið frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands með Þorra Snæbjörnssyni sálfræðing.
- Námskeiðið Gott útlit - Betri líðan, snyrtinámskeið í boði Termu heildssölu.
- Stuðningsfulltrúanámskeið Krafts og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands á Akureyri.

Haustönn

- Námskeið fyrir konur sem greinst hafa með krabbamein.
- Mannamál, námskeið fyrir karla sem greinst hafa með krabbamein.
- Opið hús í ágúst, starfsemin kynnt.
- Yoga nidra námskeið í boði alla önnina.
- Fyrirlestur um síðbúnað afleiðingar krabbameinslyfjameðferðar með Dórotheu Jónsdóttur tölvunarfræðing.
- Námskeiðið Gott útlit - Betri líðan, snyrtinámskeið í boði Termu heildssölu.
- Bjargráð við kvíða, námskeið frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands með Þorra Snæbjörnssyni sálfræðing.
- Aðstandendafræðsla frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands með Þorra Snæbjörnssyni sálfræðing.
- Súpukvöld fyrir heilbrigðisstarfsfólk í samstarfi við NorðanKraft.
- Skrautritunarnámskeið með Vaivu hjá Studio Vast.

Heimsóknir á árinu

- Eirberg kom með fræðslu og vörukynningu.
- Áslaug Kristjánsdóttir hjúkrunar- og kynfræðingur var með para og kynlífsráðgjöf.
- Ráðgjafi frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands kom regulega norður og bauð upp á tímabókanir.
- Haustið 2022 kom starfsmaður frá NorðanKraft einu sinni í mánuði og fékk að nýta skrifstofu félagsins.

Súpukvöld fyrir heilbrigðisstarfsfólk

Fimmtudaginn 13. október hélt Krabbameins- félag Akureyrar og Norðan-Kraftur fræðslukvöld fyrir heilbrigðisstarfsfólk þar sem boðið var upp á súpu og brauð. Viðburðinn var haldinn á Garún í Hofi og mættu um 30 manns. Starfsemi félaganna var kynnt og gafst tími til að spjalla saman, fá hugmyndir og fræðast.

Ráðgjafarþjónustan

Hjá Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis starfar einn ráðgjafi sem er á vegum Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands. Hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameins- félagsins er boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra. Samstarfssamningur er á milli Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis og Krabbameinsfélags Íslands sem tryggir faglegan og fjárhagslegan grundvöll fyrir heilbrigðismenntuðum ráðgjafa. Krabbameinsfélagið greiðir laun og launatengd gjöld fyrir ráðgjafa, ásamt föstum starfsmanna- og rekstrartengdum kostnaði. Reglulega koma að auki starfsmenn frá Ráðgjafarþjónustunni til Akureyrar til þess að veita viðtöl og fræðslu.

Viðburðir

Kótílettukvöld

Fimmtudaginn 17. mars hélt Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis Kótílettukvöld í tilefni Mottumars, til styrktar félaginu. Miðasalan gekk vonum frammar og var uppselt í 150 sæti. Viðburðurinn var haldinn á Vitanum mathús. Boðið var upp á kótílettuveislu með kótílettum frá Kjarnafæði/Norðlenska og meðlæti frá styrktaraðilum. Dagskráin var fjölbreytt en Oddur Bjarni veislustýrði og sá til þess að allir fóru hlējandi heim, Karlakór Eyjafjarðar tók nokkur lög, Maron Björnsson sagði reynslusögu sína og minnti karlmenn á að fara til læknis ef þeir verða varir við einkenni og Geir Gunnar Markússon, var með í gegnum Zoom og talaði um heilbrigðan lífsstíl og mátt matarins. Í lokin mætti Ívar Helgason og tók nokkur lög ásamt Oddi Bjarna og slóu þeir í gegn. Boðið var upp á happdrætti með glæsilegum vinningum. Á viðburðinum voru seldir mottumarssockkar og Hörður frá Mynthringjum seldi vörur úr gamalli mynt til styrktar félaginu. Félagið fékk tvo styrki vegna kótílettukvöldsins en Lionsklúbburinn Hængur styrkti viðburðinn um 150 þúsund krónur og Kótílettufélag eðal Akureyringa styrkti um 100.000 krónur.

Styrktaraðilar kvöldsins: Velunnarasjóður Krabbameinsfélagsins, Heilbrigðisráðuneytið vegna fræðsluerindis, Innes, Nói Sírius, Kaffibrennslan, MS, Kartöflusalan Þórustöðum, kartöflur frá Sílastöðum, Kjarnafæði/Norðlenska, Ölgerðin, Matur og mörk, Ekran, Grand Þvottur, Vitinn Mathús, Rakarastofa Akureyrar, Bónstöð Jonna, Geosea, Sjálfsrækt, Hrönn Einarsdóttir myndlistakona, Niceair, Olís, Tölvutek, Eldhaf, Veiðiríkið, Heimilistæki, Lífland, JMJ, Aurora restaurant á Icelandair hotel Akureyri, Hlíðarfjall, Útisport, Heilsu og sálfræðiþjónustan, Skíðasvæðið Skarðsdal Siglufirði, Hamborgarafabrikka, Blackbox, Múlaberg og Lemon.

Vorferð fimmtudagshópsins

Hópurinn Skapandi handverk og spjall fór í vorferð um miðjan júní og var ákveðið að taka dagsferð um Mývatnssveit og stoppað var sem dæmi við Goðafoss, farið á Fuglasafn Sigurgeirs og fengið sér hressingu á kaffiteríunni hjá Jarðböðunum. Í ferðina fóru átta konur og tveir starfsmenn.

Reykjavíkumaraþon

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fór fram 20. ágúst og var þvítíkur kraftur sem var í hlaupurunum þrátt fyrir erfiðar hlaupaaðstæður. Í ár voru fjórir hlauparar sem hlupu til styrktar Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis og voru það Anna Berglind Pálmadóttir, Helgi Rúnar Pálsson, Sigurlaug Níelsdóttir og Sunna Sævarsdóttir. Í heildina söfnuðu þau 236.000 krónum til styrktar félagsins. Fyrir hönd félagsins fóru nokkrir suður til að vera í klappliðinu með Krabbameinsfélagi Íslands og Kraft.

Dekurdagar

Dekurdagar á Akureyri fóru fram 6. - 9. október þar sem hægt var að velja úr fjöldi viðburða hjá fyrirtækjum á svæðinu. Félagið var á kvöldopnun á Glerártorgi á fimmtudeginum og kvöldopnun í miðbænum á föstudeginum. Þar gátu starfsmenn og stjórn átt spjall við gesti og gangandi, selt bleikan varning eins og bleika sokka og boðið uppá fræðslu um hvernig á að þreifa fyrir brjóstakrabbameini. Yfir helgina var svo hægt að fara í slökun og hugleiðslu hjá Sjálfsrækt og Zumbapartý hjá Worldclass og styrkja félagið í leiðinni.

Dekurdagar eru á vegum Ingu Vestmann og Vilborgar Jóhannsdóttur en árið 2022 náðu þær að safna 5.000.000 milljónum krónum til styrktar Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Félagið þakkar Ingu og Vilborgu kærlega fyrir stuðninginn.

70 Ára afmæli

Í tilefni af 70 ára afmæli Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis bauð félagið upp á dagskrá og léttar veitingar, mánudaginn

21. nóvember. Viðburðurinn var opinn öllum og var haldinn í Menningarhúsinu Hofi. Viðburðurinn var styrktur af Velunnarasjóð Krabbameinsfélagsins. Það voru um 100 manns sem voru saman komin til að njóta dagsins og þakkar félagið kærlega þeim sem mættu. Það var mikil ánægja með dagskrána en Selma Sigurjónsdóttir formaður félagsins var með ávarp, Nick Cariglia sérfræðingur í meltingarsjúkdómum var með erindið Þögull morðingi og Hildur Eir Bolladóttir sagði reynslusögu. Á meðan gestir fengu sér veitingar sungu Jónína Björt og Ívar Helgason fyrir gesti. Pétur Þór úr stjórn félagsins var fundarstjóri. Í afmælinu afhentu Inga Vestmann og Vilborg Jóhannsdóttir sem standa fyrir Dekurdögum félaginu 5.000.000. krónur. Að auki styrkti Bakaríð við Brúna félagið með því að gefa tvær afmæliskökur í tilefni dagsins sem slógu í gegn og styrktu félagið um 218.900 krónur með því að selja bleikar kökur í október.

Ávarp formanns

Í dag fögnum við saman 70 ára afmæli Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis en félagið var stofnað 21. nóvember 1952. Starfssvæði félagsins er frá Siglufirði í vestri og austur að Stóru Tjörnum í Fnjóskadal. Hjá félaginu starfa tveir starfsmenn, starfsmaður á skrifstofu og í móttöku og ráðgjafi á vegum Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands. Við undirbúning þessa erindis hóf ég leit að sögunni og rakst á grein úr Læknablaðinu um sögu og þróun Krabbameinsfélags Íslands sem stofnað var 1951, ári áður en KAON var stofnað. Tilgangur stofnunar félagsins var eftirfarandi: að styðja í hvívetna baráttuna gegn krabbameinum með því að, fræða almenning um helstu byrjunareinkenni, stuðla að aukinni menntun lækna í greiningu og meðferð, fá hingað fullkornustu lækningatæki og nægt sjúkrarými, bjóða upp á fullkornustu sjúkrameðferð sem völ væri á, stuðla að krabbameinsrannsóknum hér á landi.

Mér finnst áhugavert að draga þetta hér upp því í meginráttum hefur markmið félagsins og undirfélaga ekki breyst – frekar hafa leiðirnar til þess að ná markmiðum hafa þróast og breyst. Sem eitt af aðildarfélögum Krabbameinsfélags Íslands starfar Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis samhliða og styður við markmið KÍ með ýmsum hætti. Helstu verkefni þess er stuðningur og fræðsla við einstaklinga með krabbamein og aðstandendur þeirra ásamt því að standa fyrir námskeiðum og viðburðum. Þá er fjölbreytt hópastarf til staðar hjá KAON sem og fjölbreytt aðstoð í boði fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur á meðan á krabbameinsmeðferð stendur og eftir meðferð líka og má til að mynda nefna að

tveir fastir hópar, skapandi handverk og kátir karlar, hittast reglulega þar sem um 10-15 manns hittast í hópastarfinu sem sjálfboðaliðar halda utan um.

Félagið hefur einnig verið sýnilegt á viðburðum í tengslum við Bleikan október og Mottumars sl. ár og í gegnum tíðina veitt ýmsum hópum fræðslu um málefni er varða krabbamein. Nýverið hélt félagið ásamt Norðankrafti, sem er stuðningshópur fyrir krabbameinsgreinda á aldrinum 18-40 ára, kynningarfund fyrir heilbrigðistarfsmenn þar sem ríflega 30 manns mættu og fengu fræðslu um starfsemi félaganna til að hægt sé að koma upplýsingum áfram til krabbameinsgreindra um hvar sé aðstoð að finna.

Þá er einnig samstarf er við Eirberg sem hefur aðstöðu hjá félaginu og sér hjúkrunarfræðingur um að aðstoða konur sem hafa farið fleygskurð eða brjóstnám með ráðleggingar um gervibrjóst, brjóstahaldara og ermar til að meðhöndla sogæðabjúg.

Og í ár hófum við einnig samstarf við Kraft um afnot af aðstöðu hjá félaginu einu sinni í mánuði fyrir sína félagsmenn og veita stuðning.

Það er sem af árinu 2022 eru rúmlega 330 viðtöl skráð og þar af 76 komur í Eirbergspjónustuna. Starfsemin hægir aðeins á sér á sumrin og færri að bóka viðtöl en í raun má segja að komur til KAON séu svipaðar og á árinu 2021. Þó má segja að mesti munurinn á milli ára núna er að hópastarf og námskeið fara af stað með mun meiri krafti en fyrir covid.

Félagið gæti þó ekki gert það sem það gerir nema með stuðningi KÍ og ekki síst vegna þess samfélags sem við búum í. Starf Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis byggist alfarið á stuðningi einstaklinga og fyrirtækja á svæðinu, auk þess sem félaginu er úthlutað styrk úr Velunnarasjóð Krabbameinsfélags Íslands á ári hverju.

Félagsmenn Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis eru einnig mikilvægur hlekkur í þeirri þjónustu sem félagið getur veitt og geta félagsmenn KAON fengið niðurgreiðslu á kostnaði vegna dvalar á sjúkrahóteli á meðan krabbameinsmeðferð stendur. Félagsmenn eru núna tæplega 1600 og bættust 77 nýjrir við á þessu ári og þakkar félagið kærlega fyrir framlag þeirra.

Við erum með nokkra sjálfboðaliða sem aðstoða okkur reglulega. Þeir hafa ýmis hlutverk eins og að sjá um hópastarf á okkar vegum, taka á móti fólki, hella uppá kaffi og ganga frá eftir hittingana. Það er mjög dýrmætt að hafa sjálfboðaliða sem eru tilbúnir að aðstoða félagið.

En betur má ef duga skal. Samkvæmt fréttum og viðtali við Höllu Þorvaldsdóttur framkvæmdastjóra Krabbameinsfélags Íslands er talið er að á næstu 13 árum geti krabbameinstilvikum fjölgað hér á landi um allt að 40% og er þar fyrst og fremst öldrun þjóðar og fjölgun hennar sem hefur áhrif.

Ljóst er að ef spá rætist muni hópur þeirra semsækir þjónustu til KAON og KÍ fara stækkandi og þarf að vinna markvisst að því nú að horfa fram á veginn og undirbúa félagið fyrir aukna starfsemi og umsvif þannig að hægt sé að veita krabbameinsgreindum góðan og mikilvægan stuðning á meðan meðferð stendur sem og áframhaldandi stuðning eftir að meðferð lýkurt.d. varðandi fylgikvilla í kjölfar meðferðar.

Ljósið í myrkrinu er hins vega sú að miklar framfarir eru á sviði vísinda og meðferðarúrræða sem í boði eru og sem betur fer er líka búist við því að vegna þessara framfara muni þeir sem hafa einhvern tímann fengið krabbamein fjölga um 50% og fyrir það ber að þakka.

Þá er það einnig ljós í myrkrinu að núverandi bærust fréttir af heimild fyrir hönnun og áætlanagerð vegna byggingar nýrra legudeildarbyggingar við Sjúkrahúsið á Akureyri og er þá um leið gert ráð fyrir verulegri endurnýjun á eldra húsnæði sem nýta á í auka dag- og göngudeildarþjónustu sem sinnir m.a. lyfjameðferðum við blóð- og krabbameinum. Án þess að þekkja það sjálf á eigin skinni, hvernig það er að þurfa í krabbameinsmeðferð, þá get ég vel ímyndað mér mikilvægi þess að geta sótt meðferðarúrræði sem næst heimabyggð og þann stuðning sem þar er að finna í stað þess að sækja meðferðir til Reykjavíkur. Reyndar hefur reynslan sýnt okkur það líka, aðilar utan skilgreinds þjónustusvæðis KAON eru sækja meðferðir á SAK og leita þá einnig til félagsins fyrir stuðning. Miðað við áætlaða fjölgun krabbameinstilfella vonast ég til að sjá starfsemina á Sjúkrahúsinu á Akureyri og hjá Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis vaxa og dafna til að unnt verði að styðja við krabbameinsgreinda og aðstandendur á sem bestan hátt.

Mig langar til að ljúka erindi mínu á að þakka stjórn og starfsfólki Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis fyrir samstarfið og vel unnin störf, það er svo sannarlega í mörg horn að líta í starfsemi félagsins og um leið langar mig að þakka sjálfbodaliðum fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Ég sagði frá því hér fyrr að okkar samfélag hefur skipt sköpum í starfsemi félagsins og hér í samfélaginu nýtur félagið gríðarlegs stuðnings. Undanfarin 10 ár hafa Dekurdagar verið einn stærsti einstaki bakhjarl félagsins en þá taka fyrirtæki hér í bæ höndum saman fyrir tilstuðlan Ingu í Pedrómyndum og Vilborgar í Centró og standa fyrir Dekurdögum þar sem finna má ýmis tilboð þar

sem allur eða hluti ágóðar rennur til félagsins. Verkefni þar sem margt smátt gerir svo sannarlega eitt stórt en stuðningur þeirra á árinu 2021 nam 4,3 milljónum króna og samtals frá árinu 2012 hefur stuðningur þeirra verið ríflega 20 milljónir króna.

Mig langar sérstaklega að þakka þessum kjarnakonum fyrir ómælda vinnu, stuðning og kraft í þágu félagsins – það munar svo sannarlega um minna – svo ekki sé nú talað um hversu dásamlegur yndisarður skapast um allt samfélag þar sem bleikar slaufur gleðja og gleðin skín á fjölmörgum viðburðum tengdum

Dekurdögum. Mig langar til að biðja þær um að koma og veita örlitlum þakklætisvotti viðtöku. Um leið og ég óska félaginu hjartanlega til hamingju með daginn óska ég þess að við eigum hér ánægjulega stund saman og fyrir hönd starfsfólks og stjórnar KAON þakka ég ykkur kærlega fyrir að koma og fagna með okkur í dag.

Selma Dögg Sigurjónsdóttir, formaður Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis

Markaðs og kynningarmál

Það er mikilvægt að okkar félagsmenn hafi góðan aðgang að upplýsingum frá félaginu og því er heimasíða félagsins, www.kaon.is, reglulega uppfærð með fréttum ásamt Facebooksíðu okkar. Á heimasíðu félagsins eru settar inn fréttir og þær eru svo sendar út á þá sem eru skráðir á póstlista og einnig deilt á Facebooksíðu félagsins. Á árinu 2022 voru samtals 56 fréttir birtar á heimasíðu félagsins. Félagið auglýsti reglulega í N4 blaðinu og Dagskránni ásamt sjónvarpsauglýsingum hjá N4 til þess að ná til sem flestra. Akureyri.net birti annaðslagið fréttir frá starfinu, Vikublaðið tók viðtal við Mörtu Kristínu verkefnastjóra í tilefni Bleiks októbers um starf félagsins og N4 blaðið birti hugleiðingar verkefnastjóra í tengslum við Dekurdaga á Akureyri. Reglulega voru keyptar auglýsingar á Facebook til að auglýsa félagið og óska eftir nýjum félagsmönnum.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis gaf út einn bækling árið 2022 með helstu upplýsingum um félagið.

Rekstur

Starf Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis byggist alfarið á stuðningi einstaklinga og fyrirtækja en stærsti styrkurinn kemur frá Velunnurum Krabbameinsfélags Íslands. Félagið er þakklátt öllum þeim sem velja að styrkja félagið og láta gott af sér leiða. Heildarvelta félagsins 2022 nam 30,2 milljónum. Hagnaður ársins 2022 var 16,6 milljónir. Helstu kostnaðarliðir voru: Leiga á

skrifstofurými félagsins og launakostnaður starfsmanna. Helstu inkomuliðir voru: Velunnarar, félagsgjöld, Dekurdagsstyrkur og aðrir styrkir.

Félagsmenn

Ein af grunnstoðum Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis eru félagsgjöldin sem félagsmenn okkar greiða einu sinni á ári. Félagsgjöldin eru 4.500 kr. og koma í heimabanka félagsmann árlega en hægt er að skrá sig á heimasíðu félagsins, www.kaon.is. Í lok árs 2022 voru 1582 félagsmenn skráðir en innkoma félagsgjalda nam 4.988.500 kr. Á árinu 2022 voru samtals 90 nýjir einstaklingar sem skráðu sig sem félagsmenn. Stjórn félagsins þakkar öllum félagsmönnum kærlega fyrir stuðninginn.

Endurgreiðslur

Félagið tekur þátt í að niðurgreiða kostnað á íbúðum og dvöl á sjúkrahóteli fyrir sína félagsmenn, á meðan krabbameinsmeðferð stendur. Félagsmenn gátu sótt um endurgreiðslu sem nam 50% af heildarkostnaði, allt að 40.000 kr. á ári.

Á árinu sóttu 26 félagsmenn um endurgreiðslu til félagsins vegna gistikostnaðar og fengu þau greitt samtals 763.000 krónur.

Almennaheillaskrá

Frá og með 25. apríl 2022 gátu allir sem styrktu félagið fengið skattafrádrátt. Þetta eru stór tímamót sem staðfesta mikilvægi félaga sem starfa að samfélagslegum framförum og treysta á stuðning almennings.

Velunnarar

Árlega útdeilir Krabbameinsfélag Ísland styrkjum frá Velunnurum félagsins til aðildarfélaga Krabbameinsfélagsins og sækir Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis um styrk þar á hverju ári. Félagið fær rekstrarstyrk fyrir allt að 50% kostnaði ásamt verkefnastyrkjum. Velunnarar eru ómetanlegt bakland Krabbameinsfélags Íslands allan ársins hring. Velunnarar Krabbameinsfélags Íslands eru þeir sem kjósa að styðja við baráttuna gegn krabbameini með mánaðarlegu framlagi og styrkja þannig rannsóknir, fræðslu og forvarnir og endurgjaldslausa ráðgjöf og stuðning til krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis fékk 8.260.000 kr. í úthlutun frá Velunnurum fyrir árið 2022. Þar af er 310.000 kr. styrkur sem kom í aukaúthlutun um haustið fyrir afmælistálþingi félagsins. Takk kæru Velunnarar fyrir ykkar stuðning, til að skrá sig er hægt að fara inn á heimasíðu Krabbameinsfélags Íslands, www.krabb.is.



Krabbameinsfélag Árnassýslu

Stofnað: 29.maí 1971

Fjöldi félagsmanna: 450

Stjórn:

Formaður: Svanhildur Inga Ólafsdóttir

Varaformaður: Eygló Aðalsteinsdóttir

Gjaldkeri: Sædís Jónsdóttir

Ritari: Katrín Klemenzardóttir

Meðstjórnendur: Guðmunda Egilsdóttir

Meðstjórnendur: Högni Jóhannsson

Varamaður: Karen Öder Magnúsdóttir

Varamaður: Guðbjörg Guðmundsdóttir

Starfsmaður: Erla G. Sigurjónsdóttir í 30% starfi

Starfsemi:

Árið 2022 var að mestu leyti án takmarkana eða stórra hindrana ólíkt árinu á undan hafði verið vegna covid áhrifa. Unnt var að halda úti hefðbundinni opnun þrisvar sinnum í viku og bjóða uppá reglulega fyrirlestra og viðburði. Endurhæfingarhópur félagsins eflist, þátttaka í starfsemi félagsins jókst og félagsmönnum fjölgaði. Unnið var markvisst að því að kynna starfsemi félagsins, meðal annars með skrifum í fréttu- og samfélagsmiðla, bjóða fyrirtækjum og félagasamtökum að koma í heimsókn í húsnæði félagsins og/eða fá kynningu á þeirra viðburði. Sú vinna gekk vel og hefur skilað aukinni vitund í samfélaginu á þeirri öflugu starfsemi sem félagið heldur úti auk þess sem kynningar hafa auðveldað fólki aðgengi að þjónustu félagsins. Ráðning félagsráðgjafa á krabbameinsdeild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í lok sumars 2022 hefur einnig aukið aðgengi að stuðningi og þjónustu félagsins og gott samstarf eflst milli félagsins og stofnunarinnar. Hefur það samstarf orðið til þess að einstaklingar nýta stuðning og þjónustu félagsins fyrr í krabbameinsferlinu en áður var. Reglulegir og fjölbreyttir fræðslu fyrirlestrar hafa opnað aðgengi aðstandenda að starfi félagsins þar sem boðið er uppá fræðslufni sem nýtist fólki almennt, óháð því hvað það er að takast á við í lífnu.

Samstarf við Ráðgjafapjónustu Krabbameinsfélags Íslands með komu ráðgjafa á Selfoss hefur stór aukist og eftirspurn eftir viðtölum og stuðningi hefur kallað á endurskipulag og nýjar útfærslur í stuðningi. Ráðgjafi Ráðgjafapjónustunnar sinnir nú þyngri og sérhæfðari ráðgjöf og félagið kemur meira að stuðningi og eftirfylgd, ýmist með sjálfboðavinnu eða niðurgreiðslu til viðtala hjá öðrum meðferðaraðilum.

Endurhæfingarhópur félagsins hefur eflst og stækkað og fleiri félagsmenn nýta sér bæði andlega, félagslega og líkamlega endurhæfingu á vegum félagsins. Á árinu 2022 voru fjórir hópar sem fóru í gegnum 7 vikna endurhæfingu og margir félagsmenn tóku þátt í fleiri en einu

tímabili. Endurhæfingin er styrkt af Velunnarasjóði Krabbameinsfélagsins og er orðinn einn af mikilvægum þáttum í starfsemi félagsins.

Helsta starfsemi og viðburðir ársins 2022.

- Opið hús var áfram þrjá daga í viku og sáu sjálboðaliðar um að manna vaktirnar. Jafnt og þétt hefur gestum fjölgað á opnunartímum auk þess sem nokkrir félagar hafa það sem fastan lið í sinni daglegu rútinu að koma í opið hús. Heimsóknnum í opið hús hefur fjölgað jafnt og þétt yfir árið og frá því að hafa verið um 5-10 manns daglega árinu áður eru 10-15 manns að mæta í opið hús. Gestabók liggur á borðum í opnu húsi og gefur sýn á fjölda gesta yfir árið.
- Mánaðarlega var boðið upp á fræðslu, fyrirlestra eða námskeið yfir starfsárið. Þátttaka hefur stóraukist og bregða þurfti til þess ráðs að kaupa fleiri stóla svo unnt væri að taka á móti þeim fjölda sem sækja nú viðburðina að jafnaði.
- Samstarf við fyrirtæki í samfélaginu sem stóðu fyrir góðgerðardögum eða sölu viðburðatengdra afurða yfir árið skilaði góðum styrkjum inn í félagið. Má þar helst nefna styrki sem félaginu voru veittir í tengslum við MottuMars og Bleikan október.
- Annar af tveimur hápunktum ársins 2022 var Styrkleikarnir (Relay for life) sem haldnir voru í fyrsta sinn á Íslandi í apríl 2022 og fékk Krabbameinsfélag Árnassýslu heiður af því að vera fyrstu gestgjafar viðburðarins.
- Bleika boðið sem nú er fastur liður í starfsemi félagsins var haldið á Hótel Selfossi í lok október 2022. Skemmst er frá því að segja að aldrei hefur þátttaka verið eins mikil og var húsfyllir og mikil gleði á viðburðinum. Er áætlað að um 450 manns hafi mætt á viðburðinn.
- Félagið fór í Vorferð í júní 2022 og heimsótti aðildarfélagið Krabbavörn í Vestmannaeyjum. Var einstaklega vel tekið á móti okkur af félagsmönnum Krabbavarnar. Ferðapjónustufyrirtækið Vikingtour bauð uppá rútuferð um eyjuna með skemmtilegri farastjórn félagsmanna Krabbavarnar, Eldheimar voru skoðaðir og bauð Krabbavörn upp á kaffisamsæti. Þátttaka félagsmanna Krabbameinsfélags Árnassýslu var mjög góð og almenn ánægja með ferðina.
- Farið var á jólahlaðborð á Hótel Selfoss í desember 2022. Skráning var mjög góð en vegna óveðurs urðu töluverð afföll en mættu engu að síður um þrjátíu félagsmenn ásamt mökum á vel heppnað hlaðborð.

Hópastarf

Hópastarf hefur tekið miklum breytingum innan félagsins. Brosið, jafningjastuðningshópur sem starfræktur hefur verið um nokkurra ára skeið, hefur að mestu hætt starfsemi vegna fjölda annarra viðburða sem félagið hefur boðið uppá.

Hópastarf fyrir einstaklinga 18-45 ára hefur verið starfrækt og hittist hópurinn aðra hverja viku. Ýmist er hist í létt spjall, spilað, fönrað eða hvað sem fólk vill gera.

Hópurinn Smárarnir sem eingöngu er fyrir karlmenn hefur reynt að halda dampi og hittist annan hvern þriðjudag kl.17:30. Hópurinn er jafningjastuðningur og lögð er áhersla á að bjóða uppá

viðburði sem miða að áhugasviði karla. Einn af stjórnarmönnum félagsins heldur utan um starfsemi hópsins. Að jafnaði eru um 3-5 karlmenn að mæta.

Endurhæfingarhópur er starfræktur yfir vor og haustönn. Sjö vikna prógramm er sett upp þar sem áhersla er á andlega, líkamlega og félagslega þætti. Hópurinn stundar líkamlega endurhæfingu nú í aðstöðu Gym800 en höfðu áður aðgang að Lindex Höllinni. Hópurinn sækir jóga einu sinni í viku, stundar ýmiskonar iðju (leir, málum, kortagerð ofl.), reglulega hópfunði og sálgæslu.

Í desember býður félagið uppá sálgæslu. Er markmiðið að bjóða fólki að þiggja sálhjálp og stuðning. Sálgæslan er í umsjá Margrétar Steinunnar sálgæti.

Viðburðir

- Félagið tók þátt í Mottumars, samstarf við GK Bakarí á Selfossi sem seldi „vatnsdeigspunga“ til styrktar félaginu, Hárgreiðslustofan Lobbýið var með góðgerðardag, boðið var uppá Mottumars kaffi og meðlæti í opnu húsi.
- Bleikur október var stór og skemmtilegur mánuður. Bleika boðið heppnaðist vel og hafa gestir aldrei verið eins margir.
- Margir fyrirlestrar og námskeið voru haldin á árinu. Sem dæmi má nefna fyrirlestra um áföll, skipulag, minnistækni, kvíða og námskeið í sjálfboðastarfi, hollustu nammigerð og jólakertakransa gerð.
- Vorferð til Vestmannaeyja þar sem Krabbavörn, aðildarfélag KÍ var heimsótt.

Markaðsstarf og kynningarmál

Heimasíða félagsins

- Heimasíða félagsins er www.krabbameinsfelagarnessyslu.is Uppfærsla og utanumhald hefur verið af skornum skammti og hefur félagið leitast eftir aðstoð KÍ varðandi heimasíðuna.

Facebooksíða félagsins

- Facebooksíða félagsins er helsti auglýsinga og samskiptavettvangur félagsins
- Félagið heldur úti tveimur síðum, annarsvegar „like“ síðu þar sem 770 manns fylgjast með og hinsvegar lokaðan facebookhóp sem heitir Brosið og 318 einstaklingar eru inn á. Brosið er meira notaður sem vettvangur til að koma skilaboðum beint til virkra félagsmanna og like síðan er meira hugsuð sem almennur vettvangur til að auglýsa starfsemi félagsins.

Samstarf

Félagið er í virku samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands um að veita ráðgjöf og stuðning til einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og aðstandenda þeirra. Ráðgjöfin fer fram í húsnaði félagsins að Eyravegi 31 á Selfossi. Ráðgjafi frá Ráðgjafafjónustu Krabbameinsfélag Íslands kemur hálfsmánaðarlega á Selfoss til að veita stuðningsviðtöl. Gott samstarf er einnig

við krabbameinsdeild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og er félagsráðgjafi deildarinnar helsti tengiliður nýgreindra við þjónustu félagsins. Nýgreindir geta óskað eftir símtali frá félaginu og verða sjálfboðaliðar við þeirri beiðni innan mjög skamms tíma.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var neikvæð.

- Helstu kostnaðarliðir voru: laun starfsmanns og launatengd gjöld. Námskeið, veitingar, styrkir til félagsmanna vegna samtalsmeðferðar, kosnaður vegna breytinga á húsnæði (Eyravegur 31)
- Helstu innkomuliðir voru: Gjafir frá fyrirtækjum, gjafir frá einstaklingum, félagssgjöld, gjafir frá félagasamtökum, styrkveiting úr velunnarasjóði Krabbameinsfélag Íslands, Bleika Boðið.
- Sótt var styrki: Í Velunnarasjóð Krabbameinsfélags Íslands

Lokaorð

Árið fór frekar rólega af stað þar sem covid hafði enn einhver áhrif en svo fóru viðburðir að verða betur sóttir og hefðbundin starfsemi varð aftur hluti af okkar daglega lífi. Viðburðir voru almennt mjög vel sóttir, nýjir félagsmenn nýttu sér þjónustuna og sýnileiki félagsins varð enn meiri.

Styrkleikarnir voru án efa stærsta áskorunin á árinu, haldið var út í verkefni sem enginn innan félagsins þekkti né hafði upplifað áður. Það sannaðist í enn eitt skiptið á þessum viðburði hversu öflugur sjálfboðaliða við eigum, hversu hugleikinn málstaðurinn er mörgum og fólk almennt tilbúið að leggja sitt af mörkum til að sýna stuðning og samhug gagnvart þeim sem eru- eða hafa tekist á við krabbamein.

Áhersla var á að bjóða upp á fjölbreytta og gagnlega fræðslu og þætti sem allir gátu tengt við. Leitast var eftir að fá fagfólk úr heimabyggð í sem flest verkefni, fagfólk frá Ráðgjafaþjónustu Krabbameinsfélags Íslands en einnig voru fengnir fyrirlesarar annarsstaðar frá.

Starfsemi félagsins eflist með hverju árinu og aukin þátttaka félagsmanna staðfestir að félagið nær að mæta þörfum og óskum félagsmanna að stóru leyti.

Engu að síður er hvert starfsár nýtt tækifæri til að gera betur, lesa í þarfir og óskir félagsmanna og gera sitt besta til að mæta þeim. Aukin þjónusta kallar á aukna þátttöku sjálfboðaliða og mikilvægi þess að hlúa vel að sjálfboðaliðunum og efla þá í sínu starfi.

Takk fyrir samstarfið á árinu.

F.h stjórnar Krabbameinsfélags Árnassýslu,

Svahildur Ólafsdóttir, formaður.

Krabbameinsfélag Austurlands

Stofnað 19. Apríl 1970

Fjöldi félagsmanna: 144

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélag Austfjarða

Stofnað: 21. apríl 1970

Fjöldi félagsmenn 568

Stjórn:

Formaður: Hrefna Eyþórsdóttir

Varaformaður: Jóhann Sæberg Helgason

Gjaldkeri: Guðmundur Rafnkell Gíslason

Ritari: Gunnhildur Ósk Sæbjörnsdóttir

Meðstjórnendur: Anna Þóra Árnadóttir

Varamenn: Jóhanna Ríkey Jónsdóttir, Sunna Björg Guðnadóttir

Framkvæmdastjóri/Starfsmaður er Hrefna Eyþórsdóttir

Starfsemi:

Árið 2022 var gott ár fyrir félagið. Við höldum úti starfsemi skrifstofunnar sem er opin með viðveru einn dag í viku, á fimmtudögum frá klukkan 10-14 en við erum þó alltaf með opinna síma og tölvupóst og erum alltaf til staðar fyrir okkar fólk. Við vorum með hópastarf, viðburði, fræðslu og alls konar vinnu til að gera okkur sýnilegri í samfélaginu. Við viljum halda félaginu sýnilegu fyrir krabbameinsgreinda svo þeir viti hvaða stuðning þeir geta fengið hjá okkur, til að félagsmenn sjái hvað við erum að gera og hvaða mikilvæga starf þeir eru að halda uppi og til að ná til nýrra félagsmanna.

Viðburðir

1.maí hlaup Launafls og Krabbameinsfélags Austfjarða. Þá er hlaupið frá Reyðarfirði og á Eskifjörð þar sem boðið er í kleinukaffi og í sund. Sjálfboðaliðar frá félaginu taka þátt í að manna drykkjarstöðvar og annað sem þarf við hlaupið en Launafl sér um allan kostnað. Launafl hefur svo styrkt félagið um 100.000 krónur auk þess að þátttökugjaldið rennur beint til félagsins. Í fyrra hlupu 17 einstaklingar á aldrinum 10-72 ára.

Í september setti félagið í samstarfi við Brakkasamtökin upp ljósmyndasýninguna: „Of ung fyrir krabbamein – Saga Sóleyjar“ þar sem ljósmyndari fylgdi ungri stúlku eftir sem greindist með brjóstakrabbamein og þurfti að fara í gegnum skurðaðgerð, lyfjameðferð og geislameðferð. Við opnun sýningarinnar var erindi um starfsemi bæði Krabbameinsfélags Austfjarða og Brakkasamtakanna, ung kona á barneignaraldri sagði frá sinni reynslu, en hún fór í áhættuminnkandi brjóstnámsaðgerð eftir að hafa eignast eitt barn og hafði eignast tvö eftir aðgerðirnar. Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi kom og var með erindi um BRCA og aðrar meinvaldandi erfðabreytur. Sýningin var opin í 5 daga í það heila og komu 80 gestir að sjá sýninguna.

Konukvöld í bleikum október var haldið í húsnæði félagsins. Frábær kvöldstund með fræðslu um skimanir, lifandi tónlist og svo notalegt spjall vinkonuhópa. Á þessum viðburði græddum við ansi marga nýja félagsmenn.

Hvíldarhelgi á Borgarfirði Eystri var haldin í lok október. Það voru 18 þátttakendur sem komu að helginni sem var frá föstudegi til sunnudags. Það var erindi um bjargráð við kvíða, boðið upp á djúpslökun, fræðslu um öndunartækni og öndunaræfingar, bæjarrölt, aðgang að heilsulind, góður matur, kvöldvaka, bleik messa og notaleg samvera. Allir í skýjunum og strax farið í að skipuleggja viðburðinn að ári.

Aðventukvöld var haldið 1. Desember þar sem mættu 50 félagsmenn og hlustuðu á hugvekju frá presti, upplestur rithöfundar, lifnadi jólatónlist, heitt súkkulaði og hvunnudagshetjurnar okkar krýndar. Alltaf jafn notaleg og falleg stund sem alla jafna er síðasti viðburður félagsins á árinu.

Karlahópurinn hittist tvisvar sinnum á árinu en konuhópurinn fjórum sinnum. En svo var aukalega einn sameiginlegur viðburður hópanna þar sem haldið var ævintýrakvöld í máli og myndum af hjónum sem hafa farið á mótörhjólum um heiminn þveran og endilangan.

Styrkir

Krabbameinsfélag Austfjarða styrkti krabbameinsgreinda félagsmenn á árinu. Félagið leggur sig fram um að ná til krabbameinsgreindra á svæðinu og veita styrki vegna gisti- og aksturskostnaðar þá vegna leigubíla- og/eða bílaleigubíla meðan á meðferð stendur. Styrkupphæðin fyrir árið 2022 voru um 1.840.727.

Félagið gaf lífsmarkamæli til Umdæmissjúkrahússins í Neskaupsstað og þar með ýtum við undir bættu aðstöðu þeirra sem þiggja krabbameinslyfjameðferð hér eystra og einnig bættu vinnuástöðu þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem sinna okkar skjólstaðingum. Þessi gjöf er hluti af stærri gjöf sem felur í sér að bæta tækjabúnað sem nauðsynlegur er fyrir lyfjagjafir svo starfsfólkið þurfi ekki að hlaupa um alla sjúkradeild til að sækja sér það sem þarf heldur er allt sem þarf þá bara inni á lyfjagjafaherberginu. Þetta bætir vinnuástöðu hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem koma að okkar skjólstaðingum og eykur skilvirkni þegar meðferð er veitt. Við eigum gott samband við HAS og eigum eflaust eftir að fara í áframhaldandi nauðsynleg verkefni til að bæta enn frekar aðstöðuna.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Í mars var búið að setja upp fræðsluerindi á vinnustöðum hér eystra í samstarfi við fræðsludeild KÍ sem átti svo einnig að flytja á aðalfundi félagsins en veðurguðirnir stoppuðu það af svo það varð ekki af því en erindið var flutt á aðalfundinum þó af formanni félagsins.

Í mars var félagið með í samstarfi við Krabbameinsfélag Austurlands aðstandendafræðslu með Lóu Björk Ólafsdóttur ráðgjafa og var það vel sótt og mjög vel heppnað.

Í apríl sendi félagið sólarvarnir á alla leikskóla á þjónustusvæðinu ásamt fræðsluerindi byggðu á efni frá fræðsludeild KÍ um mikilvægi sólarvarna barna og fullorðinna. Þetta verkefni hefur mælst vel af öllum aðilum sem að koma.

Í maí deildi félagið reglulega myndskaiðum frá KÍ þar sem húðlæknir er með fræðslu um sólarvarnir og mikilvægi þeirra. Það hlaut góðar viðtökur og fékk félagið í kjölfarið fyrirspurnir um hvort það væri með sólarvarnir til sölu.

Í október voru fulltrúar félagsins með fræðslu fyrir Kvenfélag Reyðarfjarðar, Rótaryklúbbinn í Neskaupsstað og vitnisburð og fræðslu um félagið og mikilvægi þess í bleikri messu á bæði Fáskrúðsfirði og Borgarfirði Eystri sem og á konuvöldi félagsins.

Markaðsstarf og kynningarmál

Formaður ásamt skjólstæðingi áttu fund með formanni velferðarnefndar, Líneik Önnu Sævarsdóttur um áskoranir fólks á landsbyggðinni sem greinist með krabbamein og þann gríðarlega kostnað sem fólk situr uppi með varðandi kostnað við gistingu og ferðir innanbæjar sem getur hlaupið á hundruðum þúsunda og skeykir hugmyndina þar sem talað er um jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Félagið sendi boð á alla flokka sem voru í framboði til sveitastjórnakosninga og bauð þeim á kynningu hjá félaginu. Aðeins einn flokkur þáði boðið og sendi fulltrúa á fundinn sem fannst mjög áhugavert að koma og voru hissa á hversu umfangsmikið starf félagsins væri.

Fréttatilkynning fór út hjá Austurfrétt þar sem vakin var athygli á framtaki félagsins við að senda út sólarvarnir á alla leikskóla svæðisins.

Formaður félagsins fór í viðtal í október hjá Austurfrétt til að vekja athygli á starfsemi félagsins.

Formaður félagsins fékk að taka þátt í nýárskveðju KÍ til velunnara og vekja athygli á að vera eitt af þeim frábæru aðildarfélögum KÍ.

Facebooksíða félagsins

- Fjöldi pósta hafa verið birtir á Facebook síðu félagsins sem er helsti samskiptamáti félagsins. Síðan er með 809 vini sem fylgjast með starfinu.

Samstarf

Félagið er með samstarfssamning við Fjarðabyggð þar sem félagið fær 500.000 krónur á ári og sendum reglulega út fræðslupósta sem sveitarfélagið deilir á starfsmannavef sinn og nær þá fræðslan til allra starfsmanna þess.

Félagið nýtur einnig samstarfs/velvilja Eskju sem leyfir félaginu að vera endurgjaldslaust í því húsnæði sem við höfum aðstöðu okkar í.

Gott samstarf við KÍ og kemur Lóa B. Ólafssóttir ráðgjafi um það bil einu sinni í mánuði og veitir okkar skjólstæðingum viðtöl og nýtir þá aðstöðuna hjá okkar félagi.

Starfmaður skrifstofunnar okkar/formaðurinn okkar fór í vísindaferð ef svo má segja og fékk að eyða tveimur dögum í Skógrahlíðinni hjá KÍ og fékk ör kynningu á öllum deildum og

staldraði svo lengur við í sumum deildum og fékk kynningu á ýmsu sem hefur nýst í starfinu okkar.

Félagið fékk úthlutað fjármunum í verkefnastyrk við að skrásetja sögu Krabbameinsfélags Austfjarða og eru komnir 2 aðilar sem tóku það að sér að taka viðtöl við fyrri stjórnarmeðlimi og vinna þau. Svo er áætlað að safna myndum úr starfinum, blaðaklippum og blaða í gegnum gamlar fundargerðir.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð um 370.000.

- Helstu kostnaðarliðir voru: Rekstur þjónustuskrifstofu, styrkir til einstaklinga og lífsmarkamælir til Umdæmissjúkrahúss Austurlands í Neskaupsstað.
- Helstu innkomuliðir voru félagsgjöld og styrkir einstaklinga og fyrirtækja.
- Félagið tók þátt í að selja vörur Krabbameinsfélags Íslands í bæði mottumars og í bleikum október.

Lokaorð

Árið var gott en það bæði gaf og tók eins og gangur lífsins er. Við erum stórt félag á litlu svæði með fáum íbúum en fullt af félagsmönnum. Við þekkjumst persónulega, erum tengd annað hvort beint eða óbeint og því tekur oft svolítið meira á en venjulega þegar einhver greinist og veikist alvarlega. En við stöndum saman, gerum okkar besta til að styðja við bakið á krabbameinsgreindum og aðstandendum þeirra samhhliða því að vera sýnileg og sinna forvarnarfræðslu. Við höldum áfram að sinna því starfi sem við erum að sinna og reynum að fjölga verkefnum smátt og smátt og viljum leggja áherslu á nýju ári að efla hópastarfið okkar.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin

Krabbameinsfélag Borgarfjarðar

Stofnað: 1970

Fjöldi félagsmanna: 240

Fáir styrkir voru veittir á árinu, sem gefur okkur vísbendingu um að beita þarf öðrum aðferðum til að ná til fólksins. Vinna þarf betur að hugmyndabanka hvernig við getum vitað betur af því hverjir greinast og þurfa okkar styrk. Að þeir sem greinast sjái stuðning í okkur í félaginu og hægt sé að leita til okkar ef þarf. Á öllum sviðum samfélagsins og á öllum tungumálum.

En við höfum þó ekki setið auðum höndum!

Fyrir jólin var skipulagt að bjóða Framför - félagi karlmannna með krabbamein í blöðruhálskirtli á Kollubar Hvanneyri til að segja frá félaginu og ræða málefnið. Ekki náðum við saman fyrir jólin og ákveðið var að hafa þetta eftir jól. Í febrúar náðist svo að bjóða þeim heim og þótti það bæði gott og fróðlegt. Mikilvægt er að sinna hlut karlmannna í

Sú hefð er að skapast að reglulega eru kvöldmessur í Borgarneskirkju.

Í október vorum við sérstakir gestir í bleikri messu þar sem Sigrún Elíasdóttir frá Ferjubakka las hugvekju og kirkjukórinn söng meðan kveikt var á kertum fyrir þá sem greinast, og aðstandendur, og okkur sjálf. Í febrúar áttum við séra Heiðrún spjall og þótti okkur tilvalið að halda Mottumessu í mars. Fengum við til liðs Drengjakór Bara Bars sem söng vel völd og falleg dægurlög, kirkjukórinn söng nokkur lög og Helgi Guðmundsson frá Laugalandi las hjartnæma hugvekju um sína hlið sem aðstandanda þar sem tvíburabróðir hans hefur gengið í gegnum þetta ferli, og einnig til að minna alla þessa menn í kringum okkur til að “humma ekki fram af sér heilsuna” eins og var slagorð Mottumars þetta árið.

Við hér í Borgarfjarðardeildinni höfum einnig ennþá verið í samstarfi með Krafti að setja hlýja sokka í poka hjá þeim sem greinast í fyrsta sinn, á aldrinum 18-45 ára. Þegar verkefnið fór af stað á í tilefni 50 ára afmælis félagsins þá fengum við um 500 pör af sokkum allsstaðar af á landinu. Um 70 ungmenni greinast á ári hverju sem þurfa stuðning og fræðslu og fá þá hlýju frá okkur í pokann.

Reykjavíkumaraþonið verður haldið nú í sumar sem og áður og Krabbameinsfélag Borgarfjarðar verður að sjálfsögðu eitt þeirra félaga sem hægt er að styrkja beint með hlaupum og frábærum árangri.

Sú hefð er að þróast í krabbameinsdeildum yfir landið að félög hvers svæðis gefa leikskólabörnum í þeirra umdæmi sólarvörn áður en þau fara út í sólina í sumar. Við höfum hugsað okkur að gaman væri að taka þátt í slíku. Ný stjórn mun taka við þeim bolta ásamt öðrum skemmtilegum verkefnum sem verða til.

Við höfum flest hér séð þróunina þegar krabbameinsgreindir geta kannski oftár en áður tekið sín lokaskref hér í Brákarhlíð án þess að vera hér endilega aldursins vegna eins og flestir

heimilismenn. Þessum rýmum þarf að sinna á annan hátt, annað sem fylgir og oftast en ekki meira umfang í kringum slík rými. Okkur í stjórn Krabbameinsfélags Borgarfjarðar langar að aðstoða við þessa þróun og auðvelda þetta erfiða ferli sem lífslokameðferð er. Við höfum því þantað lyfjadælu sem mun bætast við tæknina og úrræðin sem eru hér hjá þessu frábæra starfsfólki í Brákarhlíð og er gjöf frá Krabbameinsfélagi Borgarfjarðar.

Ný og fersk stjórn mun fæðast núna eftir þennan fund okkar, við stígum til hliðar nokkur og aðrir taka við keflinu eins og á að vera, gott flæði og góð samvinna er grunnurinn að svo mörgum góðum verkefnum.

Ég vil þakka fyrir mig og bjóða Kollu að koma og fara yfir ársreikninga félagsins.
Takk.

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga

Stofnað: 19. Okt. 2005

Fjöldi félagsmanna: 36

Formaður:	Indiana Ólafsdóttir
Gjaldkeri:	Ingibjörg Kristjánsdóttir
Ritari:	Jónína Magnúsdóttir
Varaformaður:	Edda Tryggvadóttir
Meðstjórnandi:	Guðrún Ingvarsdóttir
Varastjórn:	Arnar Eysteinnsson
	Áslaug Finnsdóttir

Enginn aðalfundur var á síðasta ári af óviðráðanlegum orsökum. Félagsstarfið hefur því verið í lágmarki þetta ár. Stjórnin hefur því aðallega verið í símasambandi, en ekki formlegir stjórnarfundir verið haldnir. Reynt hefur verið að láta félagið virka fyrir þá sem þurft hafa á því að halda, s.s. með fjárhagsaðstoð.

Við höfum alltaf greitt húsaleigu í íbúðunum á Rauðarárstíg fyrir fólk af okkar félagssvæði sem þarf að vera í Reykjavík vegna krabbameinsrannsókna eða meðferðar. Sama gildir um dvöl á sjúkrahótelu Landsspítalans.

Til fjáröflunar seljum við jólakort, minningarkort, og ýmsan varning við ýmis tækifæri. Einnig höfum við sölubás hjá Handverksfélaginu Össu sem er með verslun í Kaupfélagshúsinu í Króksfjarðarnesi á sumrin og jólasölu í desember. Einnig var jólasala í Árbliki þetta árið. Þá hafa verslanir á svæðinu selt bleiku slaufuna og Mottu-Mars sokka. Reykhólakirkja er alltaf lýst upp með bleiku ljósi í október og einnig Mjólkurstöðin í Búðardal. Enginn starfsmaður er á launum hjá félaginu.

Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs

Stofnað: 13. október 1968

Fjöldi félagsmanna: Ekki haldið félagatal

Stjórn

Formaður	Guðrún Helga Marteinsdóttir
Gjaldkeri	Rannveig Erla Magnúsdóttir
Ritari	Þorbjörg Helga Sigurðardóttir
Meðstjórnandi	Marín Sigurbjörg Karlsdóttir
Meðstjórnandi	Elsche Oda Apel

Haldin var aðalfundur þriðjudaginn 26. Apríl. Tölvu og símtækni var notuð í aðra fundi og til ákvarðanatakna og skráráðs.

Fjáröflun árið 2022. Haldin var sláturbasar, sem gekk vel og gaf okkur 588.748 kr. Aðrir styrkir komu með sölu minningarkorta sem og nokkrir styrkir frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Styrkir og gjafir.

Félagið gaf hjólastólavog til heilbrigðisstofunar HVE á Hvammstanga, að hluti á móti hollvinasamtökum HVE Hvammstanga.

Fjárhagsstaða félagsins er mjög góð í lok árs.

Því miður komst enginn frá stjórn á Aðalfund KÍ 2022.

Guðrún Helga Marteinsdóttir
Formaður

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins

Stofnað: 8.mars 1949

Fjöldi félagsmanna: 1335

Stjórn og starfsmenn

Formaður:	Árni Einarsson
Varaformaður:	Ásgerður Sverrisdóttir
Gjaldkeri:	Jón L. Árnason
Meðstjórnendur:	Arnar Hauksson Hafrún Dóra Júlíusdóttir Magnús Gunnarsson Þórunn Sævarsdóttir
Varastjórn:	Gestur Svavarsson Vala Smáradóttir Þorbjörg Guðmundsdóttir

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins verið þannig skipuð: Árni Einarsson formaður, Ásgerður Sverrisdóttir varaformaður, gjaldkeri er Jón L. Árnason og meðstjórnendur Arnar Hauksson, Hafrún Dóra Júlíusdóttir, Magnús Gunnarsson og Þórunn Sævarsdóttir. Í varastjórn eru Gestur Svavarsson, Vala Smáradóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir sem jafnframt hefur verið ritari.

Stjórnarfundir voru níu milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn. Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri funduðu eftir þörfum.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri í fullu starfi Jóhanna Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur og starfsfólk fyrirtækisins Heilsulausna eru okkur innan handar varðandi tóbaksvarnir og ráðgjöf fyrir skóla, einstaklinga og fyrirtæki.

Félagsmenn eru 1.999, ævifélagar eru 29 og heiðursfélagar 14.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Í samstarfssamningi við Krabbameinsfélag Íslands frá því í mars 2014 er kveðið á um fræðslu- og fagrað sem skuli skipað fimm manns og tveimur til vara. Krabbameinsfélag Reykjavíkur óskaði eftir endurskoðun á samningi félaganna í febrúar 2015. Fulltrúar félaganna funduðu í janúar sl. og ræddu ýmsar hliðar á samstarfi félaganna. Væntanlega verður gengið frá samningi félaganna á milli á næstunni.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

Árveknisskilaboðin sem hafa verið í vinnslu og eru byggð á „European Code Against Cancer – tólf leiðir til að draga úr líkum á krabbameini“ fóru í birtingu á samfélagsmiðla í desember og janúar sl. Með skilaboðunum sem eru myndskreytt með skemmtilegum persónum á að koma á framfæri við almenning ávinningi af ýmiss konar hollum lífsháttum sem skipta máli, t.d. varðandi krabbameinsáhættu og mikilvægi skimana. Með skilaboðunum á okkar félagasvæði náðum við til um 188.000 manns í þessari fyrstu umferð. Aðildarfélögum Krabbameinsfélagsins var boðið að nýta skilaboðin á sínum

félagssvæðum og þáðu það nokkur félög. Í maí nk. verða skilaboðin sýnd aftur á samfélagsmiðlum og fyrir þann tíma munum við kanna aftur áhuga annarra aðildarfélaga á þátttöku.

Loksins virðist hylla undir það að skimun fyrir ristil- og endaparmskrabbameini sé að verða að veruleika og vonandi síðar á þessu ári. Umsjón skimana verður hjá Samhæfingarmiðstöð krabbameinsskimana sem er undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Félagið mun leggja sitt af mörkum við að kynna mikilvægi þessarar forvarnar.

Fræðsluefni fyrir karla sem greinst hafa með krabbamein í blöðruhálskirtli „Virkt eftirlit“ og „Vöktuð bið“ er komið á vefinn. Efnið er að grunni til breskt, frá samtökunum Prostate Cancer UK, og þýtt og staðfært með leyfi frá bresku samtökunum. Við fengum góða aðstoð við aðlögun efnisins að íslenskum aðstæðum frá þvagfæraskurðlæknum og hjúkrunarfræðingum á þvagfæraskurðeild og göngudeild krabbameina á Landspítalanum. Fræðsluefnið er unnið í samstarfi við Framför/Góða hálsa og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Velunnarsjóður Krabbameinsfélagsins styrkti verkefni þetta að hluta.

Í júní sl. voru sýndar á samfélagsmiðlum klippur með völdum skilaboð úr fræðslumyndinni „Karlamein – um krabbamein í blöðruhálskirtli“. Skilboð þessi vekja alltaf mikla athygli. Til stuðnings Mottumars ætlum við að sýna klippurnar aftur núna í mars.

Áfengi er einn mikilvægasti áhættuþátturinn fyrir mörg krabbamein. Félagið fékk styrk úr Lýðheilsusjóði til að vinna fræðsluefni um krabbamein og áfengi. Verkefnið er unnið í samráði við Krabbameinsfélag Íslands. Fræðsluspjall Árna formanns og Laufeyjar Tryggvadóttur framkvæmdastjóra Krabbameinsskrárinnar um krabbamein og áfengi er á vef Krabbameinsfélagsins.

„Fimm staðreyndir um áfengi og krabbamein“ sem var gefnar voru út af Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni á síðasta ári hafa verið nýttar sem skilaboð á samfélagsmiðlum og fengið mjög gott áhorf. Í fyrravor sáu meira en 225 þúsund manns klippurnar og viðtökur voru líka mjög góðar í janúar sl.

Verkefninu „Þurr janúar“ var hleypt af stokkunum í desember 2021. Markmið þess er að hvetja þá sem nota áfengi til að endurmeta sína neyslu og viðhorf til áfengis, t.d. með því að sleppa allri áfengisneyslu í einn mánuð á ári. Verkefnið er samstarfsverkefni FRÆ (Fræðsla og forvarnir), IOGT á Íslandi og Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins. Sett var upp sérstök vefsíða, www.eiginheilsa.is, og keyptur tímabundinn aðgangur að skosku smáforriti (appi) sem hefur verið í notkun í nokkur ár. Jákvæðar hvatningar voru birtar nánast daglega í janúar 2023 á fésbókarsíðu verkefnisins og margir deildu þeim áfram. Verkefnið gekk vel og þátttaka varð góð. Áfram verður unnið við að bæta fræðsluefni inn á vefsíðuna.

Aftur og aftur koma fram frumvörp sem miða að því að auka aðgengi að áfengi, t.d. með sölu á framleiðslustað, vefverslun, afnámi banns við heimabruggun o.fl. Öll þessi frumvörp ganga þvert á öll forvarnasjónarmið, vegna þess að það er viðurkennt að með auknu aðgengi eykst neyslan. Nokkur forvarnarfélög, m.a. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, og einstaklingar, sem láta sig forvarnir varða hafa um nokkurn tíma haft reglulegt samráð um hvernig bregðast skuli við þessum aukna þrýstingi. Umsagnir voru sendar um frumvörp um breytingar á áfengislögum þar sem við áréttum tengsl áfengis og krabbameins og mikilvægi góðra forvarna. Mjög er orðið þarft að gerð sé heildstæð stefna í áfengisforvörnum.

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins í nýja forminu eru átta talsins en mörg rit eru til viðbótar eingöngu á vefsíðu Krabbameinsfélagsins svo og annað fræðsluefni sem Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur látið útbúa eða aðstoðað við með yfirlestri og fleiru. Í samstarfi við Ráðgjafarþjónustuna er vinna við að uppfæra gögn um réttindi sjúklinga langt komin. Efni þetta á að þýða svo yfir á pólsku og ensku.

Í samstarfi við dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga 11 B er verið að þýða ýmislegt fræðsluefni deildarinnar yfir á pólsku.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Brjóstamiðstöð Landspítalans eru í samvinnu við að finna leiðir til að bæta mætingu í skimun fyrir brjóstakrabbameini. Einungis um 54% kvenna mæta í reglubundna skimun og sú tala hefur lækkað mikið undanfarin ár sem er mikið áhyggjuefni. Íslenskar konur eru með lélegustu mætinguna í skimun af Norðurlöndunum. Þessu verðum við að breyta. Verið er að vinna að því að fá fleiri samstarfsaðila að verkefninu. Samhliða þessu var ákveðið að gera fræðslumynd um brjóstakrabbamein. Vinna við hana er hafin og stefnt að sýningu í haust.

Tóbaksvarnir o.fl.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur gegnum árin staðið fyrir reykbindindisnámskeiðum en engin námskeið hafa verið haldin að undanfögnu þar sem fáar beiðnir koma þar um. Ingibjörg K. Stefánsdóttir svarar fyrirspurnum einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um tóbaksvarnir sem koma gegnum vefinn og í síma. Félagið vann mjög náið með Ráðgjöf í reykbindindi (Reyksímanum á Húsavík) og beindi fyrirspurnum um aðstoð til ráðgjafanna þar. Því miður var þjónusta Ráðgjafar í reykbindindi sagt upp um áramótin 2021-22. Krabbameinsfélagið og þá sérstaklega Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins sem hefur um árabil sinnt tóbaksvörnum áttu mjög farsælt samstarf við starfsfólk Ráðgjafar í reykbindindi sem voru okkar mestu sérfræðingar í reyk- og tóbaksbindindi. Við vísuðum mörgum þeim sem til okkar leituðu varðandi aðstoð við að hætta tóbaksnotkun til Ráðgjafar í reykbindindi. Sérstaklega þegar reykbindindisnámskeiðum félagsins fækkaði. Jóhanna Kristjánsdóttir, sem var verkefnastjóri þjónustunnar, hefur komið að sem sérlegur ráðgjafi og sinnt fræðslu við hin ýmsu verkefni sem Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur sinnt í tóbaksvörnum. Má þar nefna átak í Mottumars fyrir nokkrum árum, þátttöku í verkefnahópi um að vinna sérstaklega með ófrískum konum sem nota tóbak (og þeirra maka), verkefnið „Nýtt líf án tóbaks“ sem unnið var í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og aðstoð og fræðslu á námskeiðum um rafsígarettunotkun í grunn- og framhaldsskólum.

Félagið stóð fyrir nokkrum árum að verkefninu „Nýtt líf án tóbaks“ í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fleiri þar sem útbúnað voru stuttar fræðslumyndir sem miða að því að aðstoða ófrískar konur í að hætta að nota tóbak og/eða nikótín. Ráðgjöf í reykbindindi tók að sér að sinna beiðnum frá heilsugæslunni varðandi ófrískar konur. Það er aðstoð, sem er mjög sérhæfð, og byggir á löngu skjólstæðingasambandi. Stjórn Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins sendi bréf í desember 2021 til Ölmú Möller landlæknis og Dóru Guðrúnar Guðmundsdóttur sviðstjóra lýðheilsusviðs Embættis landlæknis þar sem við létum í ljós miklar áhyggjur að þessi þjónusta yrði ekki í boði fyrir varðandi mæður sem vilja hætta að nota tóbak á meðgöngunni og vonandi til frambúðar. Og hver myndi sinna þeim skjólstæðingum sem voru í þjónustu Ráðgjafarinnar? Hvert munu beiðnir um aðstoð frá læknum og ljósmæðrum heilsugæslunnar fara? Einnig hafði stjórnin af því áhyggjur að sú sérhæfða meðferð og aðstoð sem starfsfólk Ráðgjafar í reykbindindi hafði boðið upp á tapist, því að baki starfsemi þeirra liggur margra ára reynsla og þekking. Ekki var heldur óskað eftir þjónustu starfsfólksins við yfirfærslu verkefnisins til þróunarmiðstöðvar heilsugæslunnar. Ekkert svar barst frá Embættinu við spurningum og vangaveltum félagsins.

Við höfum lengi viljað ná til hópa sem af ýmsum félags- og menningarlegum ástæðum hefur gengið lakar að ná til með tóbaksvarnir og reykleysisupplýsingar en annarra. Það yrði gert með því að virkja til samstarfs fyrirtæki/vinnustaði þar sem reykingar eru almennari meðal starfsfólks en almennt er, með samstarfi við ýmsa aðila sem veita atvinnulausum þjónustu og aðstoð, samstarfi við félög fólks af erlendum uppruna sem vegna tungumálatakmarkana eiga erfitt með að notfæra sér upplýsingar og fræðslu á íslensku. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Krabbameinsfélag Íslands stóðu í

fyriravor fyrir þjálfunar- og leiðbeinendanámskeiði fyrir þrjá Pólverja til að halda utan um reykbindindisnámskeið og ráðgjöf fyrir landa þeirra hér á landi sem reykja/nota tóbak og vilja fá aðstoð við að hætta. Vitað er að reykingar eru mjög útbreiddar í pólska samfélaginu hér á landi. Jóhanna S. Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og okkar helsti sérfræðingur í tóbaksvörnum, var sérlegur ráðgjafi og leiðbeinandi og útbjó fræðsluefni til að nýta á námskeiðum og við ráðgjöf. Ásgeir Helgason sálfræðingur og sérfræðingur hjá Krabbameinsfélaginu leiðbeindi varðandi samtalstækni og Nina Slowinska félagsráðgjafi hjá Krabbameinsfélaginu er tengill við pólska samfélagið hér og við leiðbeinendurna. Leiðbeinendurnir hafa eftir námskeiðið allir tekið nokkra einstaklinga í ráðgjöf við að hætta að reykja. Einn þeirra bjó á höfuðborgarsvæðinu, einn á Suðurnesjum og sá þriðji á Akureyri. Því miður þurfti sá sem býr á okkar félagssvæði að hætta vegna anna. Búið er að senda beiðni um samstarf til stjórnna Krabbameinsfélags Suðurnesja og Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis þar sem óskað er eftir samvinnu við að skipuleggja reykbindindisnámskeið og ráðgjöf fyrir Pólverja hér á landi sem reykja og vilja fá aðstoð við að hætta.

Félagið hefur boðið aðildarfélögum Krabbameinsfélags Íslands aðstoð ef þau vilja standa fyrir reykleysisnámskeiðum á sínum félagssvæðum.

Fræðsluverkefni okkar varðandi rafsígarettur í grunnskólum tók breytingum þegar notkun þeirra minnkaði mjög mikið eftir að lög um þær tóku gildi og notkun á nikótínþúðum fór að aukast. Margvíslegt samstarf við FRÆ og Ungmennafélag Íslands varðandi útbreiðslu, aðgengi og viðhorf til reyklauks tóbaks er búið að vera í gangi á starfsárinu. Með samstilltu átaki og breiðri nálgun samstarfsaðila viljum við vinna að því að koma böndum á þennan vágast sem reyklaustr tóbak er, sérstaklega meðal ungs fólks og tryggja þann góða árangur sem hefur náðst í tóbaksvörnum. Saman fengu samstarfsaðilarnir 1,7 milljón króna styrk úr Lýðheilsusjóði til að sinna fræðslu um reyklaustr tóbak. Sumarið og haustið 2022 var nýtt til að undirbúa málþing undir yfirskriftinni „Nikótín og heilsa“ sem haldið var 11. október. Á málþinginu var fyrir hádegi fjallað um nikótín og áhrif á heilsu ungmenna, mikilvægi lýðheilsuáðgerða, áhrif nikótínþúða á munnhol, nikótínfíkn og meðferð og hvort nikótín væri lyf eða neysluvara. Eftir hádegi var rætt um nikótínnotkun íslenskra ungmenna, viðhorf almennings til nikótínvara, nýju nikótínlögin og fræðslu í skólum um notkun tóbaks og nikótínvara. Bæði heilbrigðisráðherra og landlæknir ávörpuðu þingið. Árni Einarson formaður félagsins okkar og framkvæmdastjóri FRÆ var meðal fyrirlesara. Þinginu var streymt og það tekið upp. Fjölmíðlar gerðu málþinginu skil með ýmsum hætti, bæði fyrir, á meðan og að því loknu. Búið er að vinna úr upptökum á fyrirlestrunum á málþinginu þannig að þeir verði aðgengilegir á netinu. Einnig er verið að vinna úr þessu efni og útbúa fræðsluefni fyrir skóla og íþróttafélög. Áformað er að halda verkefninu áfram, eftir því sem styrkur úr Lýðheilsusjóði leyfir en verkefnið fékk viðbótarstyrk að upphæð ein milljón kr. í úthlutun núna í febrúar sl.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og fleiri létu Gallup gera könnun haustið 2022 varðandi viðhorf til nikótínþúða, til sölu tóbaks, nikótínvara og áfengis á netinu. Um 70% svarenda notuðu ekkert niktótín í neinu formi (þúðar, sígarettur, neftóbak, rafsígarettur eða annað) en þessi tala var 79% fyrir tveimur árum. Aukningin er nánast alfarið vegna nikótínþúðanna. Mesta notkun nikótíns er í aldurshópnum 18-34 ára. Þeir sem voru andvígir því að tóbak sé selt á netinu voru 66%, 62% voru andvígir því að nikótínvörur (svo sem þúðar og rafsígarettur) væru seldar á netinu en 39% gagnvart áfengi. Sú tala var 44% árið 2021. Þessi könnun hefur verið gerð árlega frá 2017 og gefur okkur tækifæri á að meta breytingar á ýmsum þáttum á milli ára.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar átti í mörg ár samstarf við Hafnarfjarðarbæ og vann dyggilega að forvörnum gegn tóbaksneyslu barna og ungmenna sem að sjálfsögðu var framhaldið undir nafni Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins. Áherslan beinst að munntóbaksforvörnum og fræðslu um

rafsígarettur og nikótínþúða. Hin góða fyrirmynd, Jón Ragnar Jónsson tónlistar- og fjölmiðlamaður, hefur séð um þessa fræðslu fyrir nemendur í 8. bekk í Hafnarfirði.

Eftirlitshlutverk varðandi rafsígarettur og nikótínvörur er núna hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (var áður Neytendastofa). Við leitum reglulega eftir upplýsingar um stöðu mála varðandi eftirlitið og höfum verið ánægð með hversu vel þessu hlutverki er sinnt. Neytendastofa fer núna með eftirlit með banni við auglýsingum á nikótínvörum. Félagið sendir athugasemdir sínar varðandi brot á auglýsingabanni til þeirra.

Í tilefni af alþjóðlega tóbakslausa deginum 31. maí 2022 létum við þýða nýtt fræðslufni frá evrópsku tóbaksvarnarsamtökum (ENSP, European Network for Smoking and Tobacco Prevention). Fræðslufnið er um tóbaksnotkun og krabbamein og mikilvægi þess að hætta að reykja. Guðlaug skrifaði grein sem birtist í Morgunblaðinu á tóbakslausa deginum um þetta efni.

Norræn félagasamtök í tóbaksvörnum funda reglulega og hafa með sér margvíslegt samráð. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í þessu samstarfi, sem hefur verið ákaflega gefandi. Síðustu árin hafa fundirnir verið rafrænir vegna covid. En í september sl. var tveggja daga samráðfundur haldinn hér á landi. Sveinn Magnússon læknir sagði frá sögu tóbaksvarna á Íslandi, Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknunum og greiningu kynnti starfsemi RoG með áherslu á niðurstöður varðandi tóbaks- og nikótínneyslu ungs fólks. Einnig sagði Margrét stuttlega frá áhrifum covid á ungt fólk. Laufey Tryggvadóttir frá Krabbameinsskránni kynnti niðurstöður norrænu krabbameinsskráanna um krabbameinstíðni tengda tóbaksnotkun. Síðan voru kynningar frá hverju landi og rætt um það sem er helst á baugi í norrænu löndunum. Eftir fundarhöld seinni daginn var farið í skoðunarferð til Vestmannaeyja.

Félagið sendi inn umsagnir um þingmál stjórnvalda varðandi frumvarp um breytingar á lögum um rafsígarettur og nikótínvörur. Stjórn félagsins sendi ráðherra hvatningarkveðjur með von um að þetta mikilvæga forvarnarfrumvarp næði fram að ganga án þess að miklu yrði fórnað í því. Frumvarpið var samþykkt og lögin tóku gildi í júní sl. Því miður gekk það ekki eins langt og við hefðum óskað. M.a. fór bann við öllum bragðefnum ekki í gegn. Einnig sendum við inn umsögn í samráðsgáttina vegna innleiðingar Evrópulöggjafar í tóbaksvörnum og sendum inn umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um tóbaksvarnir í janúar sl. (Vegna alþjóðlegra skuldbindinga okkar á sviði tóbaksvarna). Fulltrúar félagsins voru tvisvar kallaðir fyrir velferðarnefnd Alþingis vegna þessara lagafrumvarpa.

Mjög mikilvægt er að Ísland hugi að næstu stóru skrefum í tóbaksvörnum, t.d. með því að taka upp eftir mörgum öðrum löndum og tímasetja hvenær stefnt skuli að tóbakslausu landi og ákveða sem fyrst að taka upp „einsleitar“ tóbaksumbúðir. Því ber að fagna að dregið hefur verulega úr reykingum á undanförunum árum, ekki síst meðal barna og ungmenna. Þessari þróun þarf að fylgja eftir með því að setja aukinn kraft í að ná til þeirra sem vilja takast á við tóbaks- og nikótínfíkn sína. Auk öflugs forvarnastarfs er það ein hagkvæmasta heilbrigðisaðgerð sem til er, bæði fyrir þjóðfélagið og einstaklingana sjálfa.

Guðlaug svaraði árlegum spurningalista frá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO) um ýmislegt er snýr að tóbaksvörnum á Íslandi.

Guðlaug situr í fagráði landlæknis um tóbaksvarnir og skilar umsögnum um umsóknir í Lýðheilsusjóð sem tengjast tóbaksvörnum.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Heilsulausnir, sem m.a. sinna fræðslu í grunn- og framhaldsskólum, hafa undirritað samkomulag um samvinnu fyrst og fremst á sviði tóbaks- og nikótínvarna. Einnig sinnir Heilsulausnir tóbaksvarnarráðgjöf fyrir okkur eins og áður sagði.

Mikill áhugi er á samstarfi við Reykjanesbæ varðandi ýmsa forvarnarfræðslu (fyrst og fremst tóbaksvarnarfræðsla) eftir að niðurstaða rannsóknar Krabbameinsskrárinnar sýndi að Suðurnesin eru með meiri krabbameinsáhættu vegna lakari lífshátta á ýmsum sviðum. Búið er að funda með samstarfshópi í bæjarfélaginu og verið er að vinna ýmsa undirbúningsvinnu. Þessi vinna yrði einnig í samvinnu við Heilsulausnir.

Félagið hefur fengið Svein Magnússon lækni til að taka saman sögu tóbaksvarna á Íslandi. Ísland var lengi vel leiðandi þjóð í tóbaksvörnum, hlutverk Krabbameinsfélagsins og ekki síst okkar félags hefur verið stórt í þessari sögu og mikilvægu forvarnarstarfi. Í ritnefnd með Sveini er Árni, Guðlaug og Jónas Ragnarsson.

„Hættan er ljós“

Nítján ár eru síðan átaksverkefnið „Hættan er ljós“ hófst, en það er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins, Embættis landlæknis, húðlækna og Krabbameinsfélagsins. Stefnan hefur verið að stuðla að skynsamlegri hegðun landsmanna í sól og að draga enn frekar úr almennri notkun ljósabekkja. Árlega er gerð könnun af Gallup fyrir átakshópinum á ljósabekkjanothun landsmanna og haldið er áfram að fræða um afleiðingar óhóflegra sólbaða. Á þessu tímabili hefur dregið verulega úr notkun ljósabekkja. Mælingar frá 2022 sýna að hlutfall fullorðinna sem notað höfðu ljósabekki einu sinni eða oftar er um 6%, miðað við 11% árið 2019. Hlutfallið hefur ekki verið lægra frá því að árlegar kannanir hófust árið 2004 en þá höfðu um 30% fullorðinna notað ljósabekki í einhverjum mæli síðustu 12 mánuði. Kannanirnar sýna einnig að ljósabekkjanothun ungmenna, 18–24 ára, hefur minnkað töluvert undanfarin ár, þó hún sé mest í þessum aldurshópi eða um 14%. Árið 2004 höfðu um 38% aðspurðra notað ljósabekki í einhverjum mæli síðustu 12 mánuði.

Í könnuninni var ennfremur spurt hvort viðkomandi hefði brunnið af völdum sólar eða ljósabekkja á síðastliðnum tólf mánuðum. Með bruna er átt við að roði myndist á húð ásamt því að sviði sé til staðar. Um 81% þeirra sem svöruðu árið 2022 höfðu ekki brunnið sem er lægri tala en árið áður. Hlutfall þeirra sem segja húð sína hafa brunnið er hvað hæst hjá þeim sem eru í aldursbilunum 25–44 ára. Mikil aukning er hjá þeim sem segja að húð þeirra hafi brunnið í sólarlandaferðum (fer úr 25% í 62%) eða öðrum ferðum til útlanda (úr 24% í 50%) á síðasta ári. Þessi mikla aukning getur mögulega endurspeglad þá nýliðið Covid-tímabil.

Guðlaug hefur svarað erlendum fyrirspurnum og könnunum í samstarfi við Geislavarnir ríkisins.

Bleiki mánuðurinn

Málþing um brjóstakrabbamein var haldið í húsi Krabbameinsfélagsins 20. október 2022 á vegum Brjóstaheilla – Samhjálpur kvenna, Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og Krabbameinsfélags Íslands. Yfirskrift málþingsins var „Sýnum lit“ sem var slagorð bleika mánaðarins. Svanheiður Lóa Rafnsdóttir, yfirlæknir á Landspítala og Kristín Sigurðardóttir, sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala fluttu erindið Brjóstamiðstöð Landspítala, framfaraskref í heilbrigðisþjónustu, Nanna Friðriksdóttir sérfræðingur í krabbameinshjúkrun á Landspítala fjallaði um Krabbameinsgáttina, Sigrún Elva Einarsdóttir sérfræðingur hjá Krabbameinsfélaginu kynnti „Mín leið“ - mat á námskeiði fyrir konur sem lokið hafa meðferð við brjóstakrabbameini, Sigríður Gunnarsdóttir forstöðumaður Rannsókn- og skráningarseturs Krabbameinsfélagsins sagði frá niðurstöðum Áttavítans. Guðrún Kristín Svavarsdóttir og Ásdís Ingólfssdóttir voru með reynslusögur. Fundarstjóri var Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Ísland. Málþinginu var einnig streymt.

Skógarganga

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Skógræktarfélag Hafnarfjarðar buðu til skógargöngu 27. október 2022. Um sjötíu manns söfnuðust saman við Gróðrarstöðina Þöll við Kaldárselsveg og þaðan var gengið um skógarsvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Við upphaf göngunnar flutti Magnús Gunnarsson ávarp og síðan var Steinar Björgvinsson skógfræðingur með leiðsögn um skóginn. Ýmsar kynjaverur urðu á vegi göngufólks og hrollvekjandi hljóð heyrðust víða. Að göngunni lokinni var boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti í húsakynnum Þallar.

Nemendur, skólar o.fl.

Formaður og starfsfólk félagsins aðstoða nemendur, kennara framhaldsskóla og háskóla og fleiri við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengist krabbameini og forvörnum.

Samstarf félagasamtaka í forvörnum

Samstarf félagasamtaka í forvörnum, SAFF, stendur að ýmsum verkefnum í forvörnum svo sem fræðsluverkefni um kannabis og fræðsluverkefni sem tengist útsamkomum og frítíma fólks. Alls 25 samtök standa að SAFF. Samstarfið byggist á virðingu fyrir fjölbreytni, ólíkri aðkomu samtaka í forvörnum og mismunandi áherslum. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í stjórn samtakanna.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, í samstarfi við Fræðslu of forvarnir og SAFF, hefur undanfarin fimm ár staðið, ásamt fleirum, meðal annars, að því að kanna notkun á rafsigarettum og nikótínþúðum og viðhorf til þeirra meðal Íslendinga 18 ára og eldri. SAFF sendir inn umsagnir um hin ýmsu frumvörp sem varða forvarnir; svo sem áfengi, tóbak og nikótínvörur.

Vefsíðumál og samfélagsmiðlar

Félsbókarsíða Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins er notuð til að koma á framfæri því sem félagið stendur fyrir og til að styrkja stöðu þess. Umræða hefur verið í stjórn um að félagið láti gera sína eigin vefsíðu og nýti sér betur ýmsa samfélagsmiðla.

Stuðningur við sjúklinga

Einn stuðningshópur starfar núna undir verndarvæng Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, Stuðningshópur kvenna með krabbamein í kvenlíffærum (áður krabbamein í eggjastokkum). Þetta starfsár hafa samskiptin að mestu verið símleiðis og í tölvupóstum. Stuðningshópurinn hefur notið góðrar aðstoðar og stuðnings Reynis Tómasar Geirssonar, sérfræðings í kvensjúkdómum og fyrrverandi prófessors.

Verkefnið Feel+ sem byrja átti vorið 2020 er ekki komið í gang. Ekki var hægt að fara af stað vegna covid en núna þurfum við að vinna að því að koma því í framkvæmd. Verkefnið er sérniðið fyrir karla sem eru með krabbamein í blöðruhálskirtli og eru á andhormónameðferð. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins, Góðir hálsar og Landspítali, áttu að standa saman að verkefninu. Styrkur fékkst úr Velunnarasjóði Krabbameinsfélagsins til að koma verkefninu á laggimar.

Félagið er í góðu samstarfi við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins og aðstoðar þá eftir þörfum, t.d. við gerð fræðslu- og fundarefnis, fréttabréf, árskýrslna, yfirllestur og fleira.

Happdrættið

Tekjum af happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur í sextíu og sjö ár verið varið í fræðslu. Það má segja að fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir hafi lengi vel byggst að miklu leyti á happdrættisfé og óumdeilt er að happdrættið á ríkan þátt í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum marga síðustu áratugi.

Heildarsala happdrættismiða í happdrættunum 2022 var mun meiri en árið á undan og sérstaklega varð útkoma sumarhappdrættisins betri. Vinningsbíll var til sýnis í sumarhappdrættinu eina viku í Smáralind og í jólahappdrætti í Kringlunni. Kynning og auglýsingar voru í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Sala miða í netverslun Krabbameinsfélagsins er góð viðbót. Sala happdrættismiða til fyrirtækja var hjá fyrirtækinu Markaðsráði. Póstburðargjöld eru verulega íþyngjandi og í jólahappdrættinu var skorið verulega niður í fjölda heimsendra miða.

Stjórn félagsins er að skoða ýmsa möguleika varðandi sölufyrirkomulag happdrættismiða í samráði og samvinnu við fleiri.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð um rúmar 5,7 milljónir króna (5.752.665 kr). Kostnaður við fræðslustarfsemi var tæpar 23 milljónir króna. Árið 2022 skilaði happdrættið félaginu rúmum 28 milljónum króna í tekjur. Aðrir tekjuliðir, eru félagsgjöld og styrkir, auk vaxtatekna. Eignarstaða félagsins er góð.

Samstarf við ýmsa aðila

Snertifletir Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og Krabbameinsfélags Íslands eru fjölmargir. Magnús Gunnarsson stjórnarmaður okkar situr í stjórn Krabbameinsfélags Íslands og er mikilvægur tengiliður á milli félaganna. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins fylgist vel með þróun mála hjá Krabbameinsfélagi Íslands og aðildarfélögum þess og leggur lið eftir mætti.

Gjaldkeri Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, Jón L. Árnason, var fulltrúi í fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins. Því miður var tekin um það ákvörðun að leggja það niður. Það átti að hafa það hlutverk að efla, samhæfa og hafa yfirumsjón með fjáröflun Krabbameinsfélags Íslands, svæðafélaga þess og stuðningshópa. Ráðið hafði ekki verið starfandi undanfarin ár og er það miður. Mjög mikilvægt er að samráð sé haft til forðast skörun í fræðsluátökum og fjársöfnunum aðildarfélaganna og Krabbameinsfélags Íslands.

Formannafundir voru haldnir í apríl, í september og mars þar sem farið var yfir verkefni haustsins og vetrarins.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn 21. maí 2022 eftir hádegi. Fyrir hádegi var málþing þar sem rætt var um krabbameinsáætlunina. Á föstudeginum þann 20. maí var stefnumót aðildarfélaga.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur átti gott samstarf við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, og Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins mun áfram styðja starfsemina eftir bestu getu.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins á 15% í húseigninni að Skógarhlíð 8.

Guðlaug situr í stjórn Almannaheilla sem fulltrúi Krabbameinsfélags Íslands og er gjaldkeri í samtökunum. Frumvarp um Almannaheillafélög sem Almannaheill hefur barist fyrir um árábil var loks samþykkt á Alþingi vorið 2021. Einnig var á þinginu samþykkt frumvarp um breytingar á skattalögum sem meðal annars heimilar einstaklingum og fyrirtækjum sem styrkja almannaheillafélög að draga styrki og gjafir til þeirra frá skattskyldum tekjum sínum og undanþágu greiðslu af fjármagnstekjum. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins var skráð á almannaheillaskrá Skattsins í desember sl. en sú skráning er forsenda þess að styrkjendur geti dregið styrki/gjafir til félagsins frá skattskyldum tekjum sínum. Mikil starfsemi er hjá samtökunum, meðal annars með áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en Almannaheill eru með samning við forsætisráðuneytið um kynningu á markmiðunum fyrir félagasamtök og verkefni varðandi samfélagslega nýsköpun. Almannaheill hefur húsnaði til afnota sem er í eigu Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa. Hefur það gjörbreytt starfsemi Almannaheilla.

Á síðasta aðalfundi Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins var samþykkt að stjórn félagsins fengi heimild til að undirbúa skráningu félagsins sem félag til almannaheilla, þar með talið að undirbúa nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins og leggja þær fyrir aðalfund 2023. Erindið var einróma samþykkt. Hér á eftir verður því lögð fram tillaga að lagabreytingum svo félagið geti sótt um að vera félag til almannaheilla.

Guðlaug er í stýrihópi fyrir „Meðvera og Heilsuvera“, verkefni Landspítalans og fleiri um rafræna samskiptagátt fyrir krabbameinssjúklinga og sem félagið hefur stutt við fjárhagslega.

Guðlaug situr í stjórn Fræðslu og forvarna (FRÆ) og SAFF.

Félagið hefur átt gott samstarf við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins, starfsmenn og stjórn Fræðslu og forvarna (FRÆ), starfsmenn Ungmennafélags Íslands, IOGT og fleiri. Einnig má minnst á afar gott samstarf við starfsfólk Arion banka, Advania og Jón Óla Sigurðsson varðandi hagnættið og fleira.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins er ásamt nokkrum forvarnarsamtökum (IOGT, FRÆ, Foreldrasamtökin gegn áfengisauðglýsingum) og einstaklingum þátttakandi í samstarfshópi um forvarnir. Hópurinn ræðir saman um opinbera stefnumörkun í ávana- og vímuefnamálum og haft er samráð um þau þingmál sem koma fram.

Lokaorð

Evrópusambandið hefur sett krabbamein í forgang í heilbrigðismálum enda er spáð 21% fjölgun tilfella í Evrópu til ársins 2040. Spáin fyrir Ísland er ennþá alvarlegri, en hér á landi er á sama tíma spáð 52% fjölgun. Það þýðir að reikna má með að um eitt þúsund fleiri greinist með krabbamein hér á landi árið 2040 en nú. Helsta ástæða þessarar fjölgunar er að íslenska þjóðin er að eldast og landsmönnum að fjölga en ekki að krabbameinsáhætta sé að aukast. Að auki verður að taka tilliti til þess að vegna framfara í greiningu og meðferð krabbameina fjölgar hratt í hópi þeirra sem eru á lífi og hafa greinst með krabbamein. Margir þeirra þurfa á langtímameðferð að halda, jafnvel ævilangrar.

Hér blasir við mikil áskorun fyrir íslenskt samfélag, ekki síst í ljósi þess að heilbrigðiskerfið er komið að þolmörkum, og áhyggjuefni hversu lítið fer fyrir umræðu um þessi mál á vettvangi stjórnmalanna. Vissulega er fyrir hendi krabbameinsáætlun sem samþykkt var 2019 og gildir til ársins 2030. Því miður hefur henni hvorki verið fylgt eftir með aðgerðaáætlun né fjármögnun.

Viðfangsefni af þessari stærðargráðu kallar á fjölþætt og markviss viðbrögð, bæði pólitísk og samfélagsleg. Stjórnvöld þurfa að leggja áherslu á, og skapa forsendur fyrir heilbrigðum lífsvenjum fólks, helst þannig að gott líf verði ávani, eins og Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins notar sem yfirskrift á vakningarverkefni sem félagið stendur nú að. Tryggja verði að fyrir hendi séu ávallt traustar

upplýsingar og að skimað sé fyrir krabbameinum svo hægt sé að grípa sem fyrst inn í, enda eru batahorfur því betri sem fyrr er hægt að bregðast við.

Við, hvert og eitt, þurfum líka að axla ábyrgð, svo sem með því að temja okkur lífsvenjur sem draga úr líkum á að fá krabbamein, stunda reglulega hreyfingu, borða hollan mat, verja okkur fyrir sólinni og forðast áfengi og tóbak. Vitað er að áfengi veldur sjö tegundum krabbameins. Áfengisiðnaðurinn hefur barist ötullega gegn því að þeirri vitneskju sé komið á framfæri við neytendur, svo sem með merkingu á áfengisumbúðum.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins beinir í starfi sínu sjónum sérstaklega að forvörnum, það er að áhrifaþáttum krabbameins, og mun ótrautt halda áfram á þeirri braut. Viðfangsefnið er ávallt hið sama en birtingarmyndirnar taka breytingum. Með markvissum aðgerðum, bæði af hálfu stjórnvalda og almennasamtaka, ekki síst Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og annarra krabbameinsfélaga, tókst á hálfri öld að draga stórlega úr reykingum þannig að þær eru nú orðnar hverfandi og stefndi í að hægt yrði að útrýma þeim að mestu. Þá fundu þeir sem sjá fjárhagslegan ávinning í því að festa fólk í viðjar nikótínfíknar sér nýjar leiðir, svo sem í formi rafsígarettar og nikótínþúða. Sú mikla aukning sem orðið hefur á stuttum tíma á notkun nikótíns vegna þessara nýju vara og seinagangur stjórnvalda í að setja hliðstæð bönd á sölu þeirra og markaðssetningu og gildir um tóbak sýnir hversu skamman tíma getur tekið að brjóta niður áratuga starf og mikilvægan árangur.

Að Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins stendur fólk sem vill standa vörð um þau lífsgæði sem felast í góðri heilsu. Fyrir það fólk erum við þakklát. Við viljum þakka stjórnarfólki félagsins fyrir áhuga þess og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Reynsla þeirra og þekking eru kjarninn í starfinu á hverjum tíma.

Árni Einarsson, formaður Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Guðlaug B. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Krabbameinsfélag Norðausturlands

Stofnað: 18. Ágúst 1970 og endurvakið 2.mái 2006.

Fjöldi félagsmanna:

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélag Rangarvallasýslu

Stofnað: 7.maí 1971 og endurvakið 15.apríl 1993

Fjöldi félagsmanna:

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélagið Sigurvon

Stofnað: 2001

Fjöldi félagsmanna: 370

Starfið komst loks í réttar horfur á árinu eftir talsverðar truflanir sökum heimsfaraldursins. Kynningarbæklingur um félagsstarfið kom út í marsmánuði og var dreift í öll hús á starfsvæðinu. Hann er einnig aðgengilegur á heimasíðu félagsins

Þá hittist stuðningshópurinn Vinir í von nokkuð reglulega yfir vetrartímann en um er að ræða samverustundir krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra. Vaninn hefur verið að haldnir séu hittingar á hálfsmánaðar fresti hvern vetur en það hliðraðist nokkuð til á meðan Covid-faraldurinn var sem mest ógnandi til að vernda þennan viðkvæma hóp.

Hápunktur ársins var svo án efa bleikt boð í október en vegna þess að félagið hafði þurft að fresta afmælisfögnuði af sóttvarnarástæðum árið áður til að fagna 20 ára endurreisnarafmæli Sigurvonar var ákveðið að leggja extra vel í októberboðið.

Um 70 manns sóttu boðið og Hjördís Þráinsdóttir flutti magnaða reynslusögu sína af illvígu krabbameini sem hún náði að vinna bug á. Svanhildur Garðarsdóttir, Dagný Hermannsdóttir og Guðmundur Hjaltason fluttu svo tónlistaratriði. Veislukokkarnir Elín og Hugljúf Ólafsdætur bættu í hóp þeirra sem hafa matarást á þeim systurum með því að reiða fram dýrindisveitingar. Veislustjórnarnir Bergþór Pálsson og Albert Eiríksson fóru á kostum og uppskáru ófá hlátrasköll úr salnum. Nýttu þeir tækifærið til að koma fram þökkum til ísfirskis samfélags fyrir góðar móttökur eftir að þeir fluttu vestur og luku kvöldinu á fjöldasöng.

Hlaupahópur Sigurvonar var í fullu fjöri yfir sumartímann en boðið er upp á skipulagðar hlaupaæfingar þátttakendum að kostnaðarlausu. Það hefur verið árviss liður í starfi félagsins frá sumrinu 2019 og hefur tekist vel þrátt fyrir að Covid hafi dregið úr þátttöku er leið á sumarið bæði 2020 og 2021. Fín mæting var í sumar og tóku nokkrir þátttakendur hópsins þátt í Reykjavíkumaraþoninu ar sem þeir hlupu í þágu Sigurvonar. Markmiðið er bæði að stuðla að auknu hreysti félagsmanna og vekja í leið athygli á félaginu.

Þá var Hraðfrystihúsinu-Gunnvör veitt heiðursslaufa félagsins það árið til að þakka fyrir dyggilegan fjárstuðning til fjölda ára.

Sigurvon hlaut að vanda marga góða styrki sem gera félaginu kleift að styðja fjárhagslega við félagsmenn sína, til að standa m.a. straum af gistikostnaði, sem annars myndi gera róðurinn enn þyngrri er hann bætist ofan á lækni- og rannsóknakostnað.

Má þar nefna sem dæmi að æfingahópurinn Karlahreysti veitti félaginu styrk í nafni vinar síns Samúels Einarssonar.

Piltar í Handknattsdeild Harðar á Ísafirði leituðu til Sigurveinar með samstarf í haust um að selja styrktartreyjur bleiku slaufunnar og Sigurveinar. Óhætt er að segja að framtakið hafi vakið mikla lukku – bæði þurfti að panta fleiri treyjur vegna eftirsóknar og vakti sala þeirra athygli bæði á félaginu og bleiku slaufunni.

Einnig var leitað til félagsins með samstarf vegna bandarísku sýningarinnar The Pink Hulk sem sýnd var á einleikjahátíðinni Act alone á Suðureyri í ágúst. Valerie David lýsir þar eigin reynslu af því að hafa glímt í tvígang við eitulæxli og einu sinni brjóstakrabbamein. Sýndi hún starfi Sigurveinar mikinn áhuga og fékk aðstandendur félagsins til að standa fyrir spjalli eftir sýninguna. Þar var haldin smá kynning á starfi Sigurveinar og sýningargestir spurt Valerie um hennar eigin baráttu. Vel heppnað samtarf og hefur Valerie lýst yfir áhuga sínum að koma til landsins aftur og sýna einleikinn á ný í samstarfi við krabbameinsfélög.

Krabbameinsfélag Skagafjarðar

Stofnað: 12.júní árið 1966

Fjöldi félagsmanna eru ríflega 500

Stjórn:

Formaður: Dalla Þórðardóttir,

varaformaður: Þorsteinn Þorsteinsson,

gjaldkeri: Helga Gígja Sigurðardóttir,

ritari: Sara Regína Valdimarsdóttir,

meðstjórnandi: Hrönn Jónsdóttir,

varamaður: Ágústa Eiríksdóttir.

Starfsmenn: María Reykdal og María Einarsdóttir.

Guðmundur Gunnarsson á Sauðárkróki, sem um langt bil var meðstjórnandi lést á liðnu ári . Hann var dugmikill liðsmaður, kom á alla fundi og lagði gott til. Jafnan var hann léttur í skapi og í samtali. Hvort heldur var á fundi eða á förnum vegi bryddaði hann upp á hinum ýmsu málum, sem lýstu vel víðu áhugasviði hans. Blessuð sé minning hans.

Tvennt er það sem hæst ber í starfi félagsins á liðnu ári.

Fyrir skal telja það sem síðra var. Um áramótin síðustu var tekin sú sársaukafulla ákvörðun að hætta, í þeirri mynd, sem verið hafði, verkefni fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur.

Til þess að sinna því hafði verið ráðinn starfsmaðurinn María Einarsdóttir og leigt rými í miðbæ Sauðárkróks. Þar voru stofur til að streyma fyrirlestrum, halda námskeið og rúm fyrir fólk að hittast til samfunda. Áður hefur í skýrslum verið rakið hversu miklar vonir stjórn og fleiri bundu við þessa starfsemi, enda var talið víst að mörg þyftu á henni að halda. Við í stjórninni rekjum það til covidfaraldursins að mestu að starfið fékk ekki byr undir vængi. Lengi var þó þrjóskað við, en að lyktum taldi stjórn fullreynt. Ekki væri lengur unnt að verja svo miklum fjármunum, sem raun var á, til leigu og launa.

Leigusamningi við Framsóknarfélag Skagafjarðar var sagt upp, og tók sú ákvörðun gildi um áramótin 2022- 2023.

Það var erfið stund þegar bornir voru út munir félagsins og fluttir á nýja staði.

En, starfið heldur áfram, starfsemin hefur verið sniðin að öðrum stað, en það er safnaðarheimili Sauðárkróskirkju og sem betur fer njótum við enn starfskrafta Maríu Einarsdóttur.

Þá skal vikið það hinu atriðinu.

Það var bleikt boð. Bleikt boð var haldið á Löngumýri 31. október. Salurinn var allur skreyttur bleikum blöðrum og undrafallegum rósum úr ræktun Maríu Reykdal og gestum fagnað með bleikum drykk. Boðið var upp á léttan kvöldverð og síðan dagskrá í tali og tónum. Stjórn félagsins er þakklát öllum þeim, sem þar komu fram og unnu að því að kvöldið tókst svo vel sem raun bar vitni, svo og öllum þeim sem sóttu okkur heim . Ákveðið hefur verið að gera þennan viðburð að föstum lið.

Þá var á liðnu ári stefnt að bláum viðburði, eða hittingi fyrir karlmenn, og fór hann fram á nýhöfnu ári 2023.

Í tilefni af bleika boðinu söfnuðust nokkrir nýir félagar í raðir okkar. Er það gleðilegt.

Stjórn félagsins hefur á fundum rætt ýmsar nýjar hugmyndir, sem önnur félög hafa reynt, s.s. styrkleikana, sem er líklega of stórt verkefni fyrir okkur, heimsóknir í leikskóla með sólarvörn, sem okkur þykir við okkar hæfi.

Með þessu væntum við þess að verja börn gegn hættu frá sólarljósi, og ekki síður að minna á tilvist krabbameinsfélagsins. Það er sífelld áhyggja okkar að fólk, sem þarfnast leiðsagnar eða fjárstuðnings viti ekki um leiðina þar að.

Dalla Þórðardóttir

Krabbameinsfélag Snæfellsness

Stofnað: 27.september 2005

Fjöldi félagsmanna: 285

Stjórn:

Formaður: Mjöll Guðjónsdóttir,
Gjaldkeri: Svanborg Siggeirsdóttir
Ritari: Sólrún Guðjónsdóttir
Meðstjórnendur: Guðrún Hrönn Hjartardóttir
Margrét Hjálmarsdóttir
Pétur Steinar Jóhannsson

Skoðunarmenn reikninga: Jóna Björk Ragnarsdóttir og Jóhann Ragnarsson.

Á aðalfundu voru samþykktar þær lagabreytingar sem þarf að gera til að hægt sé að skrá félagið sem almannaheillafélag sé vilji til þess.

Starfsemi

Starfsemi félagsins hefur verið að fara af stað hægt og rólega. Stjórnin ákvað að leggjast í þá vinnu að reyna að fjölga félögum eins og mögulegt er og er þess átaks getið betur hér að neðan.

Félagsdeildin Von í Grundarfirði hefur náð að halda sínu starfi gangandi með mánaðarlegum samverustundum. Mikill áhugi hefur verið á því að reyna að koma á samsvarandi jafningjahittingum í Stykkishólmi og Snæfellsbæ og hófust þeir í ársbyrjun 2023.

Styrkir

- Félagið styrkti 6 aðila að upphæð kr. 624.809
- Félagið fékk styrki frá Nesbrauð, SS veitingum og Lionsklúbbnum Hörpu í Stykkishólmi að upphæð kr. 134.800 og frá tombólum og sölu páskaeggja að upphæð kr. 45.352. Silfur, hár og förðun styrkti félagið um kr. 46.000 og svo fékk félagið kr. 207.850 krónur með sölu minningarkorta á vef Krabbameinsfélags Íslands. Samtals eru því styrki til félagsins kr. 434.002.

Markaðsstarf og kynningarmál

Facebook síða félagsins hefur orðið mun virkari og hefur ritari félagsins aðgang að henni og setur inn efni á síðuna.

Stjórn félagsins fór í mikið átak til að efla sýnileika félagsins og fjölga félögum innan okkar vébanda. Við sendum upplýsingablað inn á öll heimili á Snæfellsnesi þar sem félagið var kynnt og fólki bent á að mánuði síðar yrði stofnuð krafa í heimabanka þeirra sem væru 30 ára eða eldri fyrir félagsgjöldum í félagið. Þessi herferð skilaði gríðarlegri aukningu félaga í okkar röðum eða frá því að vera 100 félagsmenn í 285.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin

Krabbameinsfélag Suðausturlands

Stofnað 21. apríl 1970 og endurvakið 1. október 2002.

Félagatal ekki haldið.

Aðalfundur var ekki haldinn síðasta ár en til stendur að halda tvöfaldan fund bráðlega.

Stjórn:

Formaður:	Snæfríður Hlín Svavarsdóttir
Gjaldkeri:	Ólöf Óladóttir
Ritari:	Eyrún Axelsdóttir
Meðstjórnendur:	Ragnheiður Rafnsdóttir Sonja Garðarsdóttir
Varastjórnandi:	F. Ester Þorvaldsdóttir

Styrkir

Félagið styrkti einstaklinga á síðasta ári vegna meðferða og gistinga og eru um 90% af því sem borgað er úr sjóðnum sem fer í þ.h. styrki.

Samstarf

Félagið hefur verið í góðu samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands hér á Höfn.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var neikvæð en góð. Helstu kostnaðarliðir voru: ferða- og gistikostnaður til sjúklinga sem fara þurfa til Reykjavíkur v. meðferða og styrkir til sjúklinga. Innkoman síðast liðið ár hefur verið heldur minni en undan-farin ár.

Lokaorð

Árið hefur verið afar rólegt hjá félaginu okkar eins en við horfum bjartsýn fram á veginn.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin

Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga

Stofnað: 1968

Fjöldi félagsmanna:

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélag Suðurnesja

Stofnað: 15.nóvember 1953.

Fjöldi félagsmanna:

Ekki barst ársskýrsla.

Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu

Stofnað: 6. Maí 1971, endurvakið 22.nóvember 2004 og aftur 8. Maí 2009.

Fjöldi félagsmanna: 48

Stjórn:

Formaður Rannveig E. Bjarnadóttir

Varaformarður

Gjaldkeri: Erna Ólafsdóttir

Ritari: Margrét Einarsdóttir

Meðstjórnendur: Elías Guðmundsson

Ingvar Jóhannesson

Varamenn: Auður Eypórsdóttir

Ingibjörg Jenný Lárusdóttir

Starfsemi: Starfsemi er litil sem enginn hjá okkur, en Ljósaganga

Krabbameinsfélags V-Skaftafellssýslu var 28 október 2022 og var gengið á Reynisfjall á vegum Margrétar Steinunnar Guðjónsdóttur og Ernu Óafsdóttur var þátttaka mjög góð. Félagsgjald er kr. 3.000.- og er það eina fjáröflun félagsins. Hver sem þarf á krabbameinsmeðferð að halda á okkar svæði getur sótt um styrk til félagsins vegna endurgreiðslu á húsnæði á meðan dvöl þeirra stendur fjarri heimabyggð. Aðalfundur

félagsins er ekki búin en verður haldinn á Hótel Vík í Mýrdal fimmtudaginn 27 apríl næstkomandi.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin.

Krabbavörn Vestmannaeyjum

Stofnað: 25. Apríl 1949 (endurvakið 03.05.1990)

Fjöldi félagsmanna 550

Stjórn:

Aðalfundur verður haldinn 22. Maí

Þá verður kosin ný stjórn félagsins þar sem Kolbrún Anna hættir sem gjaldkeri:

Formaður:	Sigurbjörg Kristín Óskarsdóttir
Varaformaður:	Margrét Þóra Guðmundsdóttir
Gjaldkeri:	Olga Sædís Bjarnadóttir
Ritari:	Ingibjörg Andrea Brynjarsdóttir
Meðstjórnendur:	Kristín Valtýsdóttir
Varamenn:	Guðrún Gísladóttir

Félagið þakkar fráfarandi gjaldkera fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Á starfsári 2022 voru haldnir 9 stjórnarfundir.

Stjórn tók þátt í 2 fundum hjá KÍ

Stjórn tók þátt í 22 viðburðum/fundum fyrir hönd félagsins á árinu.

Starfsemi:

Starfsemi félagsins var í góðu farvegi þetta starfsárið, unnið að föstum viðburðum sem hafa tilheyrt félaginu til margra ára ásamt öðrum uppákomum eins og gríðalega vel heppnuðum tónleikum sem haldin voru í mars.

Hópastarf

Á starfsári 2022 var opið hús á þriðjudögum frá 13-15, hafa þessir fundir alltaf verið mjög vel sóttir, einnig voru fundir á miðvikudagskvöldum þar sem karlklúbbur Krabbavarnar hittast.

Viðburðir

Í upphafi árs var farið í að vinna að tónleikum til styrktar félagsins og var þar fremstur í flokki og okkur til aðstoðar Biggi Nielsen tónlistamaður, var hann búinn að fá fjöldan af tónlistafólki sem tók þátt í að gera þetta að mögnum viðburði, sem seint verður toppað, það má með sannri segja að að stjórn Krabbavarnar ásamt því fólki sem kom að tónleikunum með sínu framlagi til að styrkja félagið hafi lagt sig alla fram til þess að gera þetta kvöld ógleymanlegt, öll þeirra vinna gefins í þágu félagsins sem var ómetanlegt.

Krabbavörn tók á móti gestum frá Krabbameinsfélagi Árnessýslu sem var viðburðaríkt og skemmtilegt.

Farið var í bleikt boð hjá Krabbameinsfélagi Árnassýslu.

ÍBV selpurnar kepptu í bleikum sokkum ásamt að baka möffins okkur til styrktar. Kertaverksmiðjan Heimaey gaf félaginu kerti sem einnig voru seld á leik hjá ÍBV stelpunum.

Sjö tinda gangan hefur verið fastur liður hjá eyjaskeggjum um Jónsmessu og er alltaf mjög góð þátttaka, sú ganga var farin og veitti hún okkur fjárstyrk.

Þar sem tónleikarnir voru í mars hjá félaginu þá var ákveðið að hafa október ekki eins fyrirferðamiklan hjá okkur og hefur verði, bærinn var klæddur beikum ljóma, bleik messa var þar sem starfsemi félagsins var sögð og félagsmaður sagði sína sögu.

Áramótaganga sem er orðinn stór þáttur af jólahaldi Eyjamanna en þar greiðir fólk gjald til að taka þátt í göngunni sem rennur til Krabbavarnar, í ár gengu einstaklingar sínar leiðir í litlum hópum.

Námskeið

Engin námskeið voru haldin árið 2022

Styrkir

- Félagið styrkti 21 einstaklinga á árinu.
- Félagið hefur greitt meðferðastyrki, styrki vegna íbúðar og sjúkrahótelskostnaðar einnig eru greiddir útfarastyrkir.
- Styrkir samtals á síðasta starfsári nam 3.753.000 kr.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Ekkert fræðslu eða forvarnastarf var á árinu 2022 að örðu leiti en þegar fólk kom á fundi á þriðjudögum og á karlamennirnir á miðvikudagskvöldum.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

- Félagið vinnur að útgáfu bæklinga sem fyrirhugað er að dreifa í öll hús í Vestmannaeyjabæ ásamt því að þeir liggi frammi á biðstofu HSU í Vestmannaeyjum. Stefnt er að því að sú vinna klárast árið 2023

Markaðsstarf og kynningarmál

Facebooksíða félagsins

- 96 póstar hafa verið birtir á Facebook síðu félagsins árið 2022. Síðan er með 1538 vini sem fylgjast með starfinu.
- Áframdeilingar á efni Krabbameinsfélags Íslands

Bæjarblöðin hafa verið dugleg að fjalla um starfsemi félagsins og styrkt félagið á þann hátt.

Samstarf

Krabbavörn hefur verið í samstarfi við ÍBV íþróttafélag, Friðarból sem sér um áramótagönguna og Birgir Nielsen sem sá um tónleikahald, presta Landakrikju.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð.

- Helstu kostnaðarliðir voru: styrkir til félagsmanna
- Helstu innkomuliðir voru styrkir
- Sótt var styrki til: engir styrkir voru sóttir árið 2022

Lokaorð

Árið 2022 var gjöfult ár fyrir félagið hvað varðar styrki til félagsins á einn eða annan hátt, félagið er lánsamt að hafa alla þá styrktaraðila sem hugsa til þess og bæjarbúa alla sem sýna félaginu hlýhug.

Kærleikur er magnað verkfæri, sem félagið finnur fyrir í samfélaginu og erum við ævinlega þakklát fyrir það.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin

Brjóstaheill – Samhjálp Kvenna

Stofnað: 1979 og sem formlegt félag sjálfboðaliða árið 2001

Fjöldi félagsmanna: um 100

Stjórn:

Formaður:	Brynja Björk Gunnarsdóttir
Varaformaður:	Anna Sigríður Arnardóttir
Ritari:	Dóra Júlíussen
Gjaldkeri:	Thelma Hólm Másdóttir
Meðstjórnendur:	Heiða Birgisdóttir Hildur Baldursdótti, Guðrún Kristín Svavarsdóttir
Bakhjarlar stjórnar:	Guðrún Sigurjónsdóttir Hrefna Ingólfssdóttir

Starfsemi: Brjóstaheill – Samhjálp kvenna er aðili að Europa Donna, evrópusamtökum brjóstafélaga og starfa með samtökunum. Við erum einnig í góðum og nánnum samskiptum við norrænu brjóstasamtökin. Annað hvert ár er haldin norræn ráðstefna brjóstasamtaka á norðurlöndum en 2022 var hún haldin í Finnlandi og sóttu 5 stjórnarkonur ráðstefnuna og fengum hlýjar móttökur og mörg áhugaveð erindi voru haldin ásamt erindum formanna Norðurlanda og væri gaman að halda kaffifund og viðra þær hugmyndir sem þar komu fram.

Næsta ráðstefna verður haldin í Kaupmannahöfn 2024. Við höldum hana á Íslandi árið 2016 og var hún vel sótt. Verkefnið „Kastað til bata“ varð 10 ára 2019 og nú 14 ára en verkefnið „kastað til bata“, samstarfsverkefni okkar og Ráðgjafabjónustu KÍ er haldið ár hvert og hefur löngu sannað gildi sitt. Þar býðst konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein að fara í laxveiði, undir stjórn þrautreyndra veiðimanna sem leiðbeina konunum við veiðina. Einnig eru í för sjálfboðaliðar frá Brjóstaheillum – Samhjálp kvenna, konunum til stuðnings. Þessar ferðir hafa tekist eindæmum vel og hafa konurnar sem farið hafa haldið hópinn, stutt hver aðra og hafa einnig boðið sig fram sem sjálfboðaliðar í framhaldinu.

Á hverju ári sækjum við erlendar ráðstefnur, námskeið og fundi á vegum Europa Donna en sökum heimsfaraldursins var slíkum heimsóknnum slegið á frest en hist á zoom fundum og sótt ráðstefnur yfir netið.

Bleika málþingið var haldið 20. október s.l. í húsnaði KÍ og var haldin bæði í húsnaði KÍ og var streymt beint á netinu. .

Yfirskrift þessa málþings var „sínur lit“ og komu þar fram margir áhugaverðir fyrirlestrar og er til upptaka af málþingi á vef krabbameinsfélagsins.

Námskeiðið „Mín leið“ sem er að breskri fyrirmynd, ætlað konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og hafa lokið meðferð var haldið á vor- og haustmánuðum og var mikil ánægja með þessi námskeið og eru þau komin til að vera að okkar mati. Þetta námskeið er samstarfsverkefni Landspítalans, Ráðgjafabjónustu KÍ og Brjóstaheilla – Samhjálp Kvenna.

Næsta verkefni teljum við vera sambærilegt námskeið ætlað konum með krónískt brjóstakrabbamein.

Við erum með stuðningssíma sem auglýstur er á síðu félagsins og geta konur sem vilja spjall eða ráðgjöf hringt í hann að vild.

Við stefnum á að halda annan aðalfund í kringum bleika mánuðinn í haust og nota sumarið til að leggja drög að skipulagi starfsins innan félagsins fyrir næsta vetur og fyrir næstu stjórn til að styðjast við, fá hugmyndir og nýjar ferskar konur til að koma inn í stjórn í stað þessara sem óska eftir að hætta en vilja vera bakhjarlar stjórnar sem er gríðarlega mikilvægt.

Brynja Björk Gunnarsdóttir

Formaður

Framför – félag BHKK greindra

Stofnun 12. Febrúar 2007 og endurreist 8. apríl 2019

Félagsmenn: 25

Stjórn:

Formaður: Þráinn Þorvaldsson

Varaformaður: Guðmundur Páll Ásgeirsson

Gjaldkeri/varaformaður: Hinrik Greipsson

Meðstjórnandi: Henry Granz

Varamenn: Þorsteinn Ingimundarson og Steinþór Ögmundsson

Fulltrúi Blöðruhálsar/Góðir hálsar: Jakob Garðarsson

Fulltrúi Frískir menn: Guðmundur Páll Ásgeirsson

Framkvæmdastjóri: Guðmundur G. Hauksson

Haldnir voru níu stjórnarfundir á árinu.

Stjórn tók þátt í 11 stjórnarfundum á árinu.

Dagleg starfsemi

Árið 2022 einkenndist mikið af því að koma daglegri starfsemi og þjónustu í ákveðinn farveg og festa inni framkvæmd á þessum þáttum í starfsemi félagsins. Skrifstofuaðstaða félagsins var hjá Krabbameinsfélaginu í Skógarhlíð í Reykjavík, en 14. nóvember flutti félagið sína aðstöðu í Forvarnarmiðstöðina Hverafold 1-3 í Grafarvogi í Reykjavík.

Framkvæmdanefnd félagsins hittist vikulega allt árið (Þráinn Þorvaldsson, Guðmundur Páll Ásgeirsson, Guðmundur G. Hauksson og Stefán Stefánsson).

Árið 2022 er fyrsta árið þar sem öll starfsemi félagsins er gerð upp fjárhaglega í bókhaldskerfinu Regla. Bókhaldsstofan Verum sá um færslu á bókhaldi og uppsetningu á ársreikningi.

Þann 1. nóvember 2022 var Stefán Stefánsson atvinnulífsfræðingur ráðinn í hlutastarf til að sinna félagslegri þjónustu. Hann mun starfa að uppbyggingu Hellisins, samfélagsmiðstöðar og taka þátt í fjáröflunar verkefnum félagsins. Stefán hefur mikla reynslu af reynslu af félagsstarfi með ólíkum hópum í samfélaginu.

Hópastarf

Félagið starfrækir í dag tvo stuðningshópa fyrir karlmenn sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og einn stuðningshóp fyrir þeirra maka og aðstandendur:

- Frískir menn – menn sem greinst hafa með BHKK og eru í virku eftirliti.
- Góðir hálsar/Blöðruhálsar – menn sem hafa greinst með BHKK og farið í meðferð.
- Traustir makar - stuðningshópur fyrir maka og aðra aðstandendur stofnaður.

Viðburðir

Laugardaginn 12. nóvember 2022 var haldið eitt stærsta málþing sem Krabbameinsfélagið Framför og Blái trefillinn hafa staðið fyrir um "Kynlíf og nánd eftir meðferð við krabbameini í blöðruhálskirtli".

Upphafið á sölu á nælu Bláa trefilsins markast alltaf með árlegri göngu í Heiðmörk og að þessu sinni var gengið sunnudaginn 6. nóvember 2022 kl. 14:00. Þessi ganga er til að undirstrika slagorð félagsins og Bláa trefilsins "þú gengur aldri einn" og eru skilaboð til karla sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli um að við séum með þeim í þessu verkefni.

Forvarnir

Vefsíða félagsins var og er alltaf í sífelldri þróun og einnig var stöðugt unnið í að setja inn efni á Facebook síðu.

Lagður var á árinu 2022 grunnur að stóru forvarnarverkefni sem ætlað er að fara markvisst með inn í karlæg fyrirtæki á komandi árum. Verið er að vinna að vefsíðu verkefnisins sem sjá má drög að hér www.framforlifsgaedum.is Í þessu verkefni er verið að vinna að þáttum eins og ástundun á heilbrigða lífshætti og reglulegt eftirlit með heilsu hjá körlum 50 ára og eldri. Þetta verður unnið með fyrirlestrum og örnámskeiðum í fyrirtækjum og stofnun, aðgangi að fræðsluneti um heilbrigðan lífstíl og að hvetja til árlegs eftirlits hjá körlum varðandi krabbamein í blöðruhálskirtli.

Tekið var þátt í verkefninu Karlarnir og kúlurnar með Krabbameinsfélaginu sem er árlegt golfmót karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli

Fræðslumál

Gengið var frá samstarfi við Félag þvægfæraskurðlækna á Íslandi um verkefni varðandi upplýsingagögn sem væru afhent við greiningu og að skapa aðgang að upplýsinga vefsíðu www.framforiheilsu.is þar sem væri að finna faglegar upplýsingar viðurkenndar af Félagi þvægfæraskurðlækna. Krabbameinsfélag Íslands og Ljósíð eru samstarfsaðilar í þessu verkefni. Verkefnið „Þín leið“ er hugsað sem markvisst fræðslu- og upplýsingaferli til að ná yfir krabbameinsferlið hjá körlum sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli.

Krabbameinsfélagið Framför í samstarfi við sjónvarpsstöðina Hringbraut stóð fyrir fræðsluþætti um krabbamein í blöðruhálskirtli 13. nóvember 2022. Þarna komu fram Jóna Ingibjörg Jónsdóttir kynfræðingur sem fjallaði um kynlíf og nánd eftir meðferðir og Viðar Sýrusson sem sagði reynslusögu. Þarna komu einnig fram Þráinn Þorvaldsson stjórnarformaður og Guðmundur G. Hauksson framkvæmdastjóri sem sögðu frá starfsemi félagsins. Á eftir þessum fræðsluviðtölum var sýnd fræðslumyndin Karlamein.

Gengið var frá því að fara af stað með sérstaka vinnustofu fyrir karla sem hafa farið í meðferð við krabbameini í blöðruhálskirtli og þeirra maka um nánd og kynlíf í samstarfi við Jónu Ingibjörgu Jónsdóttur kynfræðing sem yrði haldin í Forvarnarmiðstöðinni Hverafold 1-3 í Grafarvori í Reykjavík í janúar 2023.

Sent var reglulega út á árinu fréttabréf í tölvupósti til allra aðila á skrá hjá félaginu. Þar voru kynntir viðburðir mánaðarins ásamt fjölbreyttum fréttum úr starfi félagsins.

Markaðsstarf og kynningarmál

Haldið var úti mánaðarlegri viðburðarskrá á vefsvæði félagsins með yfirliti yfir viðburði hjá félaginu, Krabbameinsfélaginu og Ljósinu. Farið var í fjölmörg viðtöl í fjölmiðlum s.s. Rúv morgunútvarpið, Hringbraut, N4 og fleiri. Einnig voru skrifaðar blaðgreinar í dagblöð.

Rannsóknir og vísindi

Evrópusamtök félaga karla með krabbamein í blöðruhálskirtli, Euomo stóðu fyrir EUPROMS rannsókninni (Europa Uomo Patient Reported Outcome Study) á árinu 2022 sem er fyrsta lífsgæðakönnunin sem gerð er varðandi krabbamein í blöðruhálskirtli og unnin af sjúklingum fyrir sjúklinga. Krabbameinsfélagið Framför kom að þessari rannsókn á árinu 2022 og sendi til karla með krabbamein í blöðruhálskirtli á Íslandi.

Niðurstaðan og samantekt úr rannsókninni er byggð á næstum 3.000 svörum í spurningalista á netinu frá karl mönnum með krabbamein í blöðruhálskirtli um alla Evrópu, sem gefur alveg nýtt sjónarhorn. Flestar aðrar lífsgæðarannsóknir hafa verið gerðar af og með læknum í klínísku umhverfi, þegar sjúklingar eru koma til meðferðar eða eftirlits. EUPROMS spurningalistinn var á sínum tíma fylltur út af karl mönnum, heima hjá sér, sem þýðir að þeir höfðu meiri tíma til að íhuga sín svör og áttu þannig kannski auðveldara með að segja hvernig þeim líður í raun og veru.

Fjáröflunarverkefni

Ljóst er að ágangur stórra félagasamtaka í fjáröflunarumhverfinu á Íslandi á styrkjamarkaði er orðinn of mikill og það eru stór fjáröflunarverkefni í gangi nánast allt árið. Eftir að hafa skoðað mögulegt samstarf við Krabbameinsfélagið um breytingar á Velunnarakerfi Krabbameinsfélagsins og hvort að Krabbameinsfélagið og aðildarfélög gætu átt samstarf og samvinnu í fjáröflunarmálum, tók stjórn félagsins ákvörðun um að stefna á sjálfstætt fjáröflunarumhverfi sem í dag samanstendur af eigin mánaðarlegu styrktarumhverfi og eigin árlegri vitundarvakningu og fjáröflunarverkefni í nóvember undir nafninu Blái trefillinn.

Lagður var enn sterkari grunnur að stóra fjáröflunarverkefninu í nóvember á árinu „Bláa trefllinn“ www.blaitrefillinn.is Þetta er árleg vitundarvakning um krabbamein í blöðruhálskirtli og um leið fjáröflun með því að selja nælu Bláa trefilsins. Þetta verkefni var fyrst framkvæmt í nóvember 2021, verið með Bláa göngudagurinn í Heiðmörk sem var vel sóttur og aukablað með Fréttablaðinu. Á árinu 2022 var tekið upp samstarf við auglýsingastofuna Ennemm um öflugt kynningarprógram á flestum fjölmiðlum. Einnig var gert samkomulag við um 50 söluaðila á nælu Bláa trefilsins og gefið var út í annað sinn átta síðna kynningarblað um átakið sem dreift var með Fréttablaðinu. Haldið var aftur upp á Bláa hlaupadaginum í Heiðmörk og var mæting þar mjög góð. Gert var samkomulag við Hringbraut um sérstakan kynningar sjónvarpsþátt sem tengist vitundarvakningu Bláa trefililsins. Síðan var haldið

málþing Bláa trefilsins 12. nóvember sem var eitt það stærsta sem félagið hefur haldið til þessa.

Á stjórnarfundum í desember 2021 var samþykkt að fara af stað með eigið mánaðarlegt styrktarkerfi. Gengið var frá samningum um samstarf í þessu verkefni í samstarfi við fyrirtækið Öflun. Einnig var samið við fyrirtækið Repeat um hugbúnað fyrir félagið til að halda utanum þetta mánaðarlega styrktarkerfi. Þar sem Krabbameinsfélagið fór af stað með mikla herferð á árinu varðandi Velunnara (mánaðarlegir styrktaraðilar) ákvað stjórnin hjá Krabbameinsfélaginu Framför að fresta upptöku á eigin mánaðarlega styrktarfélagakerfi, sem ekki var ennþá komið í gang í lok árs 2022.

Félagsstarf

Mikil vinna var á árinu lögð í stefnumótun um samfélagslega umhverfið „Hellirinn“ varðandi félagstarf í félaginu til framtíðar. Þar er um að ræða stuðningshópa, tólmstundahópa, vinahópa, gönguklúbba, íþróttahópa og almennt félagstarf s.s. kaffistofu og súpuhitning. Nafnið Hellirinn er myndlíking fyrir að eldri karlmenn sem eiga það til að einangra sig og sækja tilfinningalegan stuðning mest til sinna maka. Við köllum þetta "Hellirinn" vegna þess að þetta umhverfi okkar er sérhæft fyrir karlmenn og hugsað til að opna hellana og tengja þá saman. Markmiðið með þessu samfélagi hjá er að skapa öflugt félagslegt umhverfi fyrir karlmenn sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra maka. Stuðla að samveru, samkennd, fræðslu og þekkingu varðandi leiðir og valkosti til að takast á við stöðuna með það að markmiði að ná fram góðum lífsgæðum á öllum stigum þess sem fylgir því að upplifa krabbamein í blöðruhálskirtli. Stefán Stefánsson atvinnulífsfræðingur var á árinu ráðinn til að halda utanum Hellirinn.

Styrkir

Félagið fékk á árinu úthlutað styrkjum frá Velunnarasjóði Krabbameinsfélags Íslands. Á stjórnarfundum félagsins í desember 2021 var samþykkt að sækja ekki um áframhaldandi styrki í Velunnarasjóð Krabbameinsfélagsins og fara af stað með eigið mánaðarlegt styrktarkerfi. Megin ástæða fyrir þessari ákvörðun var mat um að félagið gæti ekki komið sínum framtíðaráformum í framkvæmd nema með eigin öflugum fjáröflunarverkefnum. Þetta var síðan endurskoðað í lok árs 2022 og sótt um styrk til Velunnarasjóðs sem var úthlutað í desember og líklega verður síðasti styrkurinn frá Velunnarasjóði Krabbameinsfélagsins.

Stefnumótun og markmiðasetning

Á árinu 2021 var unnið að ítarlegri stefnumótun og markmiðasetningu fyrir Framför. Framtíðarsýn er afar mikilvæg fyrir öll félagssamtök ekki síst aðildarfélög Krabbameinsfélagsins. Lögð var mikil vinna í mótun þessara framtíðarsýnar sem síðan var rædd og samþykkt af stjórn félagsins sem framtíðar grundvöllur fyrir starfsemi hjá Framför. Úr þessari vinnu varð til vegleg skýrsla „Manifesto“ (stefnuyfirlýsing). Þessi stefnuyfirlýsing er nú grunnurinn að starfsemi félagsins.

Fyrirliggjandi stefnurit félagsins var endurprentað á árinu 2022.

Samstarf við aðra aðila

Mikilvægt er að hafa það í huga að aðilar sem starfa að krabbameinsmálum ná betri árangri með samstilltu átaki allra þeirra sem starfa í þessum málaflokki. Því miður hefur mikið vantað í þeim efnum og sérstaklega varðandi framtíðar stefnumótun Krabbameinsfélagsins varðandi samstarf við aðildarfélög. Krabbameinsfélagið Framför hefur í nokkur ár barist fyrir því að fá aðstöðu fyrir sína starfsemi í húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð sem á sínum tíma var gefið af almenningi. Í lok árs 2022 var orðið ljóst að ekki fengist fram umræða um þetta málefni við Krabbameinsfélagið og að Framför mundi ekki með fjárhagslegu samstarfi við Krabbameinsfélagið ná fram sínum markmiðum um þjónustustarfsemi í fyrirliggjandi stefnumótun. Í nóvember 2022 flutti því félagið sína starfsemi í Forvarnarhúsið í Hverafold 1-3 í Grafarvogi í Reykjavík og stefnir þar á uppbyggingu á sinni starfsemi. Einnig samþykkti stjórn félagsins að frá og með 1. janúar 2023 muni það stefna að fjárhagslegu sjálfstæði og ekki sækja um styrki í Velunnarasjóð Krabbameinsfélagsins. Þetta er í raun sama stefnumörkun og Kraftur (sem líka er aðildarfélag að Krabbameinsfélaginu) tók ákvörðun um á sínum tíma.

Framför hefur lagt grunn að góðu samstarfi við Ljósið og fulltrúi frá þeim situr í stjórn félagsins. Viðræður eru í gangi um að móta þetta samstarf enn frekar og starfa náið saman að endurhæfingu karla sem hafa farið í meðferð við krabbameini í blöðruhálskirtli. Ljósið kemur að samstarfi félagsins við Félag þvagfæraskurðlækna í verkefninu „Þín leið“ og í gangi eru umræður um samstarf um framtíðar endurhæfingarumhverfi karla eftir meðferðir við krabbameini í blöðruhálskirtli.

Nokkuð var um samstarf við aðildarfélög Krabbameinsfélagsins. Framkvæmdastjóri og formaður heimsóttu þar aðila með kynningu á þjónustu félagsins.

Framför er aðili að Evrópusamtökum blöðruhálskirtilsgreindra karla Europa UOMO sem er öflugur málsvari samtaka í 27 Evrópulöndum - <https://www.europa-uomo.org> . Aðalfundur samtakanna árið 2021 var haldinn á Zoom og formaður Framfarar tók þátt í fundinum fyrir hönd félagsins.

Framför vinnur með samtökunum ASPI (Active Surveillance Patients International) sem eru alþjóðleg samtök karla sem eru í Virku eftirliti eftir greiningu á krabbameini í blöðruhálskirtli. Þráinn Þorvaldsson formaður Framfarar er einn af fjórum stofnendum samtakanna og er stjórnarmaður. Hann gegnir þar stöðu sem VP of International Operations" - <https://aspatients.org/> Markmið samtakanna eru að vekja athygli á Virku eftirliti sem valmöguleika við greiningu á blöðruhálskirtilskrabbameini og veita stuðning, körlum sem velja þessa leið. Samtökin standa fyrir vel sóttum fyrirlestrum á netinu síðasta laugardag í hverjum mánuði.

Rekstur á árinu 2022

Miklar sviptingar voru rekstrarumhverfi félagsins á árinu 2022 miðað við árið 2021. Veltan dregst lítillega saman, en tekjuumhverfið breytist verulega. Styrkur frá Velunnarasjóði KÍ lækkar mikið eða um meira en helming, en í staðinn hækka tekjur frá Bláa treflinum um tvær milljónir.

Launakostnaður lækkar mikið eða um þrjár milljónir, en kostnaður við Bláa trefilinn eykst verulega sem rekja má til þess að í þessu verkefni var farið af stað með risastórt kynningarverkefni í samstarfi við auglýsingastofuna Ennemm. Einnig var í Bláa treflinum mikill kostnaður við vitundarvakningu s.s. göngudag í Heiðmörk, sjónvarpsþátt á Hringbraut, málþing, aukablað með Fréttablaðinu og kostnað við undirbúning á vinnusmiðju í janúar sem byggir að stærstum hluta á að greiða fyrir vinnu frá Jónu Ingibjörgu Jónsdóttir kynfræðingi. Þetta var fjárfesting til að festa öflugan grunn undir þetta stóra fjáröflunarverkefni sem vonandi á eftir að skila miklum tekjum í framtíðinni.

Tap ársins má líka rekja til þess að mánaðarlegt styrktarkerfi sem átti að setja af stað í apríl 2022, fór aldrei af stað á árinu. Margir aðilar voru nánast allt árið með stórar herferðir til að afla mánaðarlegra styrktaraðila og hvergi fannst gluggi fyrir okkur að fara af stað. Einnig var það mat samstarfsaðila hjá Öflun sem starfar með okkur við öflun mánaðarlegra styrktaraðila, að efnahagsástandið á árinu gerði erfitt fyrir um að leita styrkja til einstaklinga.

Lokaorð

Árin 2019 og 2020 voru viðburðarík við að endurreisa félagið og marka því nýja og markvissa stefnu varðandi stuðning, þjónustu og fræðslu við karlmenn með krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra aðstandendur.

Á árinu 2021 var mikil vinna lögð í að móta grunninn að þessari framtíðarstarfsemi byggt á fyrirbyggjandi stefnumótun „Manifesto“ og að móta fjáröflunarstarf til að standa undir þeim framtíðar áformum.

Á árinu 2022 var síðan lagður grunnur að daglegri starfsemi og öflugum fjáröflunarverkefnum sem vonir standa til að skili því fjármagni sem þörf er á til að koma framtíðar áformum félagsins í framkvæmd. Flest verkefni á árinu mótast af því að verið er að byggja sterkar grunnstoðir fyrir fjáröflunar verkefni sem ætlað er að skila rekstrartekjum til að standa undir framtíðarmarkmiðum félagsins



Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein

Stofnað: 1. október 1999

Fjöldi félagsmanna: 880

Stjórn

Arnar

Egill

Elín

Guðni

Halla

Linda

Maren

Ragnheiður

Starfsmenn

Aðalheiður

Atli

Hulda

Inga

Laila

Sigríður

Þorri

Þórunn

Nýr vefur

Þann 1. Okt 2022 var ný heimasíða Krafts tekin í gagnid með nýju útliti, betrubættri þjónustu og einfaldari notkun.

Kraftsblaðið 2022

Kraftsblaðið kemur út einu sinni á ári og kom út í september 2022. Allir félagsmenn fengu blaðið sent heim. Því var einni dreift á heilbrigðisstofnanir, læknastofur, spítala og á N1 stöðvar um land allt.

Þjónusta við félagsmenn

Fréttabréf – Fréttabréf eru send mánaðarlega til allra félagsmanna með helstu fréttum og viðburðum framundan.

Afmæliskort- Afmæliskort undirrituð af starfsmönnum eru send öllum félagsmönnum í kringum afmæli þeirra með bréfpósti.

Félagakort- Rafræn félagkort sem veita alls konar afslætti og sérkjör. Einnig eru lyfjakortin aðgengileg í þeim.

Bókasafn Krafts – í bókasafni Krafts eru bækur sem tengjast krabbameini og almennri heilsu. Félagmenn geta fengið bækur að láni.

Hreyfing – FítónsKraftur og Að klífa brattann eru hreyfitengd námskeið og hópur í umsjón Atla Más Sveinssonar.

Stuðningsviðtöl – Starfsmenn Krafts veita stuðningsviðtöl ásamt Þorra, sálfræðingi hjá ráðgjafafjónustu Krabbameinsfélagsins.

Stuðningshópar -Starfræktir eru ýmsir stuðninshópar, eins og StelpuKraftur, StrákaKraftur og AðstandendaKraftur.

Lífið er núna helgar – Árið 2022 voru haldnar tvær Lífið er núna helgar, sem er ætlaðar til þess að hlaða batteríin og byggja sig upp.

Markþjálfun – Kristín Þórsdóttir bauð félagsmönnum Krafts upp á markþjálfun fram á sumar 2022.

Minnngarsjóður - Tilgangur sjóðsins er að styrkja aðstandendur við útfarakostnað. Ágóði minningarkorta Krafts rennur í sjóðinn.

Neyðarsjóður – Sjóðnum er ætlað að standa straum af kostnaði sem fellur utan greiðsluþátttöku og tekjumissi vegna krabbameins.

Lyfjakort – Samstarf við Apótekarann um niðurgreiðslu lyfja með lyfjakortum hélt áfram og var nýr samningur undirritaður 2023.

Helstu viðburðir

Parlað af krafti – Á árinu 2022 voru haldnir yfir 30 peruviðburðir. Samtals mættu um 3.100 manns og peruð voru yfir 8.500 armbönd. Utan þess að fá peruð armbönd vekur Kraftur athygli á félaginu og selur varning.

Kröftugar stundir – Kröftug kvennastund var haldin í Iðnó í október 2022. Mögnuð stund þar sem yfir 100 konur mættu. Kröftug strákastund var haldin á KEX í mars 2023. Náin stund milli strákanna.

Festival – í september 2022 hélt Kraftur Lífið er núna Festival á Hilton, hvar um 60 félagsmenn komu saman. Markmiðið var að leiða saman hópinn, hitta aðra í svipuðum sporum, fræðast og skemmta sér.

Páskabingó – Árleg páskabingó Krafts voru haldin 12. apríl 2022 og aftur 30. mars 2023. Veittir voru glæsilegir súkkulaðivinningar og hélt Lalli töframður uppi stuðinu á bingóinu 2023.

Sumargrill – Árlegt sumargrill Krafts var haldið í Guðmundarlundi í júní og mættu um 250 manns. Dagskráin var fjölbreytt, en Emmsé Gauti flutti nokkur lög, sirkus var á svæðinu og hægt var að fara á hestbak. Grillmatur var frá Búllunni.

Fimmvörðuháls – í júní 2022 stóð Kraftur fyrir göngu um Fimmvörðuháls í samstarfi við Midgard Adventure. 14 manna hópur gekk 24 km og voru allir geislandi glaðir með upplifunina sigurinn þegar göngunni lauk.

Aðventukvöld – Yfir 170 manns mættu á árlegt aðventukvöld Krafts í desember 2022. Fjölbreytt dagskrá var í boði ásamt gómsætum veitingum og happdrætti fyrir börn og fullorðna. Jólasveinar kíktu einnig og gáfu öllum börnum bækur.

Styrkir til Krafts

Kraftur byggir afkomu sína eingöngu á frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum ásamt sölu á varningi. Flestir styrkir koma í gegnum mánaðarlegt styrktarsamfélag Krafts og áheitasöfnun í tengslum við Reykjavíkurmaraþonið.

Að auki bærust Krafti ýmsir styrkir árið 2022:

-Stebbi Jak hélt aðventutónleika og safnaði frjálsum framlögum til styrktar félagsins.

-Í nóvember var haldið góðgerðarkvöld hjá Krafti þar sem hópur Sýrlendinga eldaði gómsætan mat, sem var seldur til styrktar Krafts. Yfir 100 manns mættu og styrktu félagið með kaup á mat og varningi.

-Torfærulið Ingvars Jóhannessonar / Víkingurinn tók þátt í Ameríkukeppni íslenskrar torfæru í Tennessee þar sem bíll hans var merktur Krafti og söfnun var sett upp þar sem auglýsingaflötur á toppi bílsins var seldur á uppboði og bolir seldir til styrktar Krafts.

-Hjónin Viktoría Jensdóttir og Stuart Maxwell hlupu drulluhlaup í Bretlandi og söfnuðum áheitum til styrktar Krafti í leiðinni, en þau áheit runnu í minningarsjóð félagsins.

-Allur ágóði af götuhátíð Hins Hússins í júlí 2022 rann til Krafts, en þar komu fram fjölmargir listamenn og ýmsar veitingar voru í boði.

Árveknis- og fjáröflunarátök Krafts

Hver perla hefur sína sögu 2022

Frá 16. maí til 6. júní 2022 stóð Kraftur fyrir vitundar- og fjáröflunarátakinu Hver perla hefur sína sögu. Átakið vakti mikla athygli og var félagið sýnilegt víðsvegar í þjóðfélaginu. Fólk fékk innsýn inn í heim félagsmanna okkar, þeim áskorunum sem þau standa oft frammi fyrir sem og hvaða þýðingu Lífið er núna armbandíð hefur fyrir þau.

Kolluna upp fyrir Kraft 2023

Frá 25. jan til 20. feb 2023 stóð Kraftur fyrir vitundar- og fjáröflunarátakinu Kolluna upp fyrir Kraft. Í auglýsingu og öðru auglýsingaefni sögðu félagsmenn sína sögu og fyrir hvern þau settu upp kolluna. Heildarsögur hvers og eins voru svo birtar sérstaklega á miðlum Krafts. Í þessari herferð var einnig í fyrsta sinn haldinn hátíðlegur Lífið er núna dagurinn, sem verður haldinn árlega.

Fræðslu- og hagsmunamál

Stefna Krafts í hagsmunagæslu – Kraftur hefur sett ákveðin átta baráttumál í forgang í sérstakri stefnu fyrir árin 2022- 2023.

Fyrirlestrarröð – Á síðasta starfsári voru haldnir fjórir fræðslufyrirlestrar um ólík málefni tengt krabbameini og líkamlegri og andlegri heilsu.

Krabbamein fer ekki í frí – Í fimmta sinn stóð Kraftur fyrir vitundarvakningunni Krabbamein fer ekki í frí yfir sumarið.



Ný rödd

Stofndagur: 20. Desember 1980

Fjöldi félagsmanna: 22

Stjórn:

Formaður: Ragnar Davíðsson
Meðstjórnandi: Jón Erlendur Guðmundsson
Meðstjórnandi: Ómar Einarsson
Varamaður: Stefán Kr. Sverrisson
Endurskoðandi: Jónas Ragnarsson
Endurskoðandi til vara: Gunnjóna Una Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri/Starfsmaður: Ragnar Davíðsson

Starfsemi:

Starf Nýrrar raddar, sem er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins var með nokkuð eðlilegu móti á árinu. Reglulegir fundir félagsins voru haldnir í húsi Krabbameinsfélags Íslands að Skógarhlíð. Að venju heimsóttum við sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir, auk fastra liða í starfseminni eins og jafningjafræðslu og kynninga á notkun hjálpartækja. Líkt og áður var gott samstarf á milli félagsins og talmeinafræðinga Landspítala.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

- Unnið var að kynningarefni fyrir þá sem þurfa í aðgerð og barkakýlisbrottnám. Þessar leiðbeiningar munu gagnast aðstaðandendum og þeim sem áhuga hafa á til að kynna sér þetta málefni frekar. Sótt hefur verið um styrki fyrir verkefnið.

Markaðsstarf og kynningarmál

Heimasíða félagsins

- Unnið var að uppsetningu nýrrar heimasíðu sem verður sett í loftið 2023.

Samstarf

- Ný rödd er aðili að Öryrkjabandalagi Íslands frá 2015. Formaður og stjórnarmenn sækja fundi hjá ÖBÍ og taka virkan þátt um hagsmunamál skjólstæðinga ÖBÍ. Fulltrúi Nýrrar raddar er í laganefnd ÖBÍ.

Fjármál

- Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð.

Lokaorð

Áfram er gott samstarf á milli félagsins og talmeinafræðinga Landspítala og undirbúningsteymi Landspítala vegna skurðaðgerða í tengslum við barkakýlisbrotnám. Í því sambandi er þáttur Nýrrar raddar mikilvægt um miðlun jafningjafraeðslu til sjúklinga og aðstandenda. Að venju heimsóttum við sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og stefnt er að því að nýta samfélagsmiðla í meira mæli en áður í því skyni að ná betur til þeirra sem ella eiga erfitt um vik að sækja reglulega félagsfundi.

f.h. stjórnar

Ragnar Davíðsson, formaður

Stómasamtök Íslands

Stofnuð: árið 1980

Fjöldi félagsmanna: 300

Starfsárið 2022-2023 var frekar óhefðbundið, en þó var reynt að koma starfi félagsins í gang efti það takmarkanir vegna Covid voru afnumdar. Þá náðist að halda tvo eða þrjá almenna félagsfundi á starfsárinu en aðalfundur samtakanna var haldinn í maí eins og lög gera ráð fyrir. Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir þegar leið á starfsárið og fóru þá ýmist fram á netinu eða með mætingu stjórnarmanna á fundarstað. Loks tókst að halda jólahlaðborð samtakanna eftir tveggja ára hlé.

Innlent samstarf:

- Stjórnarmenn sóttu fundi í nefndum og ráðum innan KÍ eftir því sem efni og ástæður gáfu tilefni til. Tveir fulltrúar okkar voru síðan á aðalfundi KÍ. Þrír fulltrúar samtakanna sóttu aðalfund ÖBÍ. Einni sat formaðursamtakanna í kjörnefnd ÖBÍ tónaða árið í röð.

Erlent samstarf:

- Loksins tókst að senda stómavarning til Zimbabwe og Zambíu, en samt sem áður erum við allnokkrar birgðir í geymslu sem stendur. Samtökin gátu loksins notað styrk í þágu stómaþega í Afríku, í Zambíu að þessu sinni.
- Formaður samtakanna var áfram forseti Evrópusamtakanna, EOA og leiddi stjórnarstörf. Stjórnarfundir fóru fram í gegnum netið
- Norræn ráðstefna verður síðan væntanlega haldin hér á landi í september næstkomandi.

Útgáfumál

Síðasta fréttablað Stómasamtakanna kom út á árinu og eur margir sem sakna þess en heimasíðan mun taka við hlutverki þess sem og aðrir samskiptamöguleikar í gegnum netið. Facebook síða á vegum samtakanna hefur verið notuð töluvert á árinu til að miðla upplýsingum og steypa fundum. Fréttabréfin er einn að finna á pdf formi á heimasíðu samtakanna, www.stoma.is

Almennt

Í lok starfsársins voru félagsmenn ríflega 300 talsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig er stór hópur virkur á Eyjafjarðarsvæðinu. Þar fyrir utan dreifast stómaþegar um allar byggðir landsins. Fjárhagur félagsins er ágætur í lok starfsársins. Er þar helst að þakka styrkjum frá Krabbameinsfélaginu og Öryrkjabandalaginu.

Virðingafyllst

Jón Þorkellsson, formaður Stómasamtaka Íslands.